



ÁRSSKÝRSLA RANNÍS 2016

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORSTÖÐUMANNS	4
TÍMAÁS	6
STARFSEMI OG SKIPULAG	12
SVIÐSSTJÓRAR GERA UPP ÁRIÐ	16
SJÓÐIR	21
ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF	28
MANNAUÐUR	31
ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL	34
UMSÓKNA- OG UPPLÝSINGAKERFI RANNÍS	37
REKSTUR	38
ÁRSREIKNINGUR RANNÍS 2016	42

” Á síðustu öld bötnuðu líf skjör hér á landi með afgerandi hætti og eru líf skjör í dag með besta móti. Bætt líf skjör getum við þakkað að mestu leyti möguleikum okkar til að nýta náttúruauðlindir okkar með skynsömum hætti. Undanfarna áratugi hefur okkur lánast að byggja upp öflugt rannsókn- og menntakerfi, ekki síst á háskólastigi með tilheyrandi rannsóknum og þjálfun ungs fólks til að takast á við rannsóknir og þróunarverkefni sem leiða til nýsköpunar og aukinna verðmæta í samfélaginu. Rannís hefur verið falið það ábyrgðarmikla hlutverk að stuðla að framþróun þekkingarsamfélagsins og er af þeim sökum alltaf að fást við framtíðina. Við förum alltaf lengra, hingað og lengra!

RANNSÓKNIR - NÝSKÖPUN - MENNTUN - MENNING - ATVINNULÍF HINGAÐ OG LENGRA

STUÐNINGUR
UPPBYGGING
SAMSTARF
KJÓNUSTA
KENNARASKIPTI
STYRKIR
ALÞJÓÐASAMSTARF
UPPLÝSINGAR
FRAMLEIÐNI
RÁÐGJÖF
TUNGUMÁL
VERÐMÆTI
FRAMFARIR

tækni
FRÆÐSLA
VÍSINDI
ORKA
MENNINGARÁÆTLUN
EVROÞUSAMVINNA
HÁSKÓLAR
INNVIÐIR
STARESNAÐM

ÁVARP FORSTÖÐUMANNSS



Rannís á að baki fyrsta heila rekstrarárið eftir sameiningu starfseminnar á nýjum stað í Borgartúni 30. Breytingin var umtalsverð fyrir stofnunina, ekki síst vegna þess að ná þurfti fram hagræðingu og samlegð í rekstri á sama tíma og byggja þurfti upp jákvæðan starfsanda

og móta ný gildi fyrir starfsemina. Ýmis verkefni voru sett á oddinn til að styrkja innviðina og tók starfsfólk virkan þátt í þeim samhlíða daglegum störfum.

Kjarnastarfsemi Rannís er þrjúþætt; rekstur samkeppnisjóða, alþjóðasamstarf og rekstur stuðningsverkefna. Samkeppnisjóðirnir hafa afgerandi áhrif á val rannsókn- og nýsköpunarverkefna og umfang verkefna hér á landi, en sjóðir í umsýslu Rannís höfðu til ráðstöfunar um 8 ma.kr. á árinu 2016 og veittu stuðning til tæplega 2.000 verkefna. Umfang sjóða í umsýslu Rannís óx um 3 ma.kr. á árunum 2015 og 2016, þar af aukning um 2 ma.kr. á árinu 2016. Samfara auknu umfangi Tækniþróunarsjóðs markaði stjórn sjóðsins nýja stefnu fyrir hann, sem leggur áherslu á aukna snerpu við framkvæmd verkefna, meiri fjölbreytni í starfi sjóðsins, m.a. með aukinni nýliðun og að stærstu styrkirnir séu tengdir auknu eigin fé og þar með árangri fyrirtækja við nýsköpun. Hjá Rannsóknasjóði

hefur samrekstur bæst ofan á styrkina til að styðja við rekstur stofnana styrkþega, og því meiri kostnaður fyrir sjóðinn, en styrkjum hefur ekki fjölgað mikið. Fagraðum Rannsóknasjóðs hefur verið fjölgað í sjö til að takast á við meiri fjölbreytni verkefna.

Alþjóðlegt samstarf í vísindum, menntun og menningarstarfi er öflugt. Rannís hvetur til alþjóðlegs samstarfs, en megináherslan er á samstarf innan Norðurlandanna og innan Evrópu. Stúdentaskipti eru meiri meðal stúdenta á Íslandi en t.d. á hinum Norðurlöndunum og er veittur stuðningur bæði á norrænum vettvangi og ESB á vegum Erasmus+ til að stuðla að því. Stuðningur við rannsóknir og vísindi frá ESB úr Horizon 2020 er mikill í alþjóðlegum samanburði. Á árinu fengu þrjú íslenskir styrkþegar styrki frá Evrópska rannsóknaráðinu, svokallaða ERC styrki, en það eru eftirsóttustu styrkir meðal vísindamanna í Evrópu og fylgir þeim mikil upphefð. Sókn í kvikmynda- og menningaráætlanir ESB gekk jafnframt vel á árinu.


Á Íslandi var rétt tæpum 50 milljörðum varið til rannsókn- og þróunarstarfs á árinu 2015. Fjármögnun þessa rannsóknastarfs er þannig að um þrjú fjórðu (74%) koma að jöfnu frá opinberum aðilum og einkaaðilum innanlands, rúmlega fjórðungur kemur erlendis frá og rúmlega fimmtungur frá opinberum aðilum (5,4%). Erlendar tekjur frá

einkaaðilum eru því um fimmtungur af heildar fjármögnun R&P hér á landi (21%). Um 2,2% af vergri landsframleiðslu er varið til rannsókn- og þróunarstarfs, sem er hærra en meðaltal ESB ríkja, hlutfallslega svipað og í Frakklandi, Belgíu og Hollandi. Svíþjóð, Danmörk og Finnlandi auk Austurríkis eru leiðandi hvað varðar ráðstöfun fjármuna til R&P sem hlut af vergri landsframleiðslu eða um 3%.

Framþróun samfélagsins byggist á alþjóðlegu samstarfi, markaðir eru erlendis, þekking og aðföng eru einungis í litlum mæli aðgengileg hér á landi og því nauðsynlegt að stuðla að umfangsmiklu samstarfi og tengslaneti alþjóðlega, sem styrkir samkeppnisstöðu landsins, s.s. með tækniyfirfærslu. Alþjóðlegt samstarf er ekki síður mikilvægt á sviði mennta- og menningarmála. Undanfarin ár hefur verið nokkur umræða um alþjóðageirann í þróun efnahagslífsins. Sá hluti efnahagslífsins sem byggir á þekkingu og hugviti hefur farið vaxandi í efnahagslífinu og nemur nú um fjórðungi af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Ef vel tekst til með stjórnun efnahagsmála með minni sveiflum og stöðugleika í efnahagslífinu er líklegt að alþjóðageirinn muni vaxa enn frekar á komandi árum. Starfsemi Rannís með umsýslu sjóða og alþjóðasamstarfi eru mikilvægir þættir í að byggja upp og styrkja fjórðu stöðina í íslensku samfélagi.

Þriðja kjarnasvið Rannís er almennt kynningar- og greiningarstarf, auk ýmissa verkefna í samræmi við stefnu stjórnvalda. Þar má nefna rekstur Gæðaráðs háskóla, skattvildun vegna kostnaðar fyrirtækja við rannsóknir og þróunarstarf, stuðningsverkefni við menntaáætlun ESB og fleira.

Framtíðarsýn Rannís er að lagður verði metnaður í, og sífellt leitað nýrra leiða til að auka þekkingu, miðlun og vísindastarf á Íslandi, í því skyni að efla menntun, menningu og nýsköpun í þjóðarbyggingu. Rannís leitast við að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu, viðhafa fagleg vinnubrögð, gagnsæi og trúnað og vera viðurkennd sem traust og trúverðug stofnun, með hæfu starfsfólki og traustri stjórnun.


Hallgrímur Jónsson
forstöðumaður

Viðburðir og viðurkenningar skipa stóran sess í starfsemi Rannís. Til að styðja við kynningarstarf á menntun, rannsóknum og nýsköpun og gera áhrif þekkingarsköpunar sýnileg, stendur Rannís fyrir ýmsum viðburðum eins og Rannsóknþingi, Haustþingi, Nýsköpunarþingi og veitingu gæðaviðurkenninga Erasmus+. Þá eru haldnir kynningarfundir víða um land og tengslaráðstefnur.

Rannís á einnig þátt í að hvetja vísinda- og fræðafólk til frekari dæða með viðurkenningum á borð við Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs í samvinnu við ráðið, Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands í samvinnu við Nýsköpunarsjóð námsmanna, og Nýsköpunarverðlaun Íslands í samvinnu við Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Hér má líta á brot af því helsta sem bar til tíðinda í starfsemi Rannís á árinu.

JANÚAR

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

- 5** Kynningarátakið Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði fer af stað
- 7** Tilkynnt er um úthlutun listamannalauna
- 8** Kynningarfundur um tækifæri og styrki í Erasmus+ og Creative Europe í Reykjavík
- 11** Kynningarfundur um tækifæri og styrki í Erasmus+ og Creative Europe á Akureyri, Siglufirði og í Borgarnesi
- 12** Kynningarfundur um tækifæri og styrki í Erasmus+ og Creative Europe á Sauðárkróki
- 13** Námskeið í gerð Nordplus umsókna
- 14** Kynningarfundur í samvinnu við NordForsk um nýja rannsóknaráætlun
- 21** Vefstofa Erasmus+ Hvernig á að skrifa umsókn í flokknum Námskeið og þjálfun?



Verðlaunahafar á Bessastöðum

- 26** Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum
Birgitta Steingrímsdóttir, líffræðinemi við Háskóla Íslands, og Heiðdís Inga Hilmarsdóttir, vöruhönnunarnemi við Listaháskóla Íslands, hlutu verðlaunin fyrir verkefnið Þekkirðu fuglinn? Rannsókn á fuglafræðipekkingu barna og þróun og gerð spils sem gerir þeim kleift að læra í gegnum leik.



Evrópusamvinna

- 28** Kynning á tækifærum og styrkjum í Evrópusamstarfi í HR og HÍ

FEBRÚAR

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----



Áhugasamir gestir á Framadögum

- 10** Rannís tekur þátt í Framadögum í HR

- 25** Ný stjórn Rannsóknasjóðs skipuð, sem jafnframt fer með stjórn Innviðasjóðs

MARS

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

- 4** Matsmannanámskeið Erasmus+ fyrir Náms og þjálfun
- 8** Námskeið í þróun hugmynda að Erasmus+ samstarfsverkefnum
- 14** Tilkynnt um að skrifstofa Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar (IASC) flytjist til Akureyrar frá Þýskalandi um áramótin og verði hluti af starfi Rannís
- 14** Fundur yfirmanna rannsóknarráða á Norðurlöndum (NORDHORCs)
- 16** Auglýst eftir forumsóknum: Öndvegissetur innan norrænu áætlunarinnar um lífhagkerfið



Nanna Elísa og Ásta takast í hendur

- 18** Alþjóðadagur háskóla - Higher Education Reform verkefni
Nanna Elísa Jakobsdóttir, formaður Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS), afhenti Ástu Magnúsdóttur, ráðuneytisstjóra í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, stefnu LIS í alþjóðavæðingu í háskólasamfélaginu.
- 22** Nýsköpunarsjóður námsmanna tilkynnir um úthlutun, 67 verkefni fá styrk

APRÍL

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

- 1** Óskað eftir tilnefningum til Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2016
- 6** Kynningarfundur upplýsingastofu Creative Europe um gerð styrkumsókna til evrópskra bókmenntaþýðinga
- 6** Námskeið í gerð umsókna í Horizon 2020 rannsókn- og nýsköpunaráætlun ESB



Starfsfólk Dohop við verðlaunaafhendinguna

- 7** Nýsköpunarþing og afhending Nýsköpunarverðlauna Íslands
Fyrirtækið Dohop hlaut verðlaunin í ár og veitti Davíð Gunnarsson framkvæmdastjóri þeim viðtöku úr hendi Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Yfirskrift þingsins var Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum. Tækifæri í samvinnu?

- 7** Námskeið í gerð umsókna í Horizon 2020 rannsókn- og nýsköpunaráætlun ESB
- 12** Námskeið um fjármál og uppgjörsreglur í Horizon 2020 rannsókn- og nýsköpunaráætlun ESB
- 14** Kynning fyrir sendiherra ESB ríkja á Íslandi á þátttöku í evrópsku rannsókn-, mennta- og menningarsamstarfi
- 20** Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndin (IASC) sem hýst er á skrifstofu Rannís á Akureyri óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf
- 20** Árs hátíð starfsfólks haldin í Golfskála Keilis í Hafnarfirði
- 22** Reiknistofnun Háskóla Íslands (RHÍ) vígir nýja ofurtölvu og nýtt húsnæði, meðal annars með stuðningi Innviðasjóðs

- 27** NordForsk í samvinnu við Rannís og rannsóknarráðin í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi auglýsa eftir umsóknum í nýja rannsóknaráætlun: Solving the Nordic Gender Paradox

MAÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

6 Matsmannanámskeið Erasmus+ fyrir samstarfsverkefni

12 Fundur norræns samstarfshóps á Íslandi um úttektir og greiningar í tengslum við Erasmus+ áætlunina

Hópurinn hefur síðastliðið ár unnið að greiningu á Erasmus Charter (ECHE) umsóknum norrænna háskóla en ECHE er umsókn um vottun sem hver háskóli verður að fá samþykka til að geta tekið þátt í Erasmus+ áætluninni.

17 Málþing um nýsköpun, fjárfestingu og fjármögnunarleiðir fyrir matvæla- og líftæknifyrirtæki



Þátttakendur málþingsins

17 Námskeið fyrir verkefnisstjóra og afhending styrkja úr Erasmus+ í flokknum Náms og þjálfun

19 Samráðsfundur Norðurlanda- og Eyrstrasaltsríkja um Europass

19 Tilkynnt um fyrstu vottun á náms- og þjálfunarverkefnum í starfsmenntun (VET Mobility Charter)

19 Ársskýrsla Rannís 2015 kemur út

26 Stjórnarfundur í ERA Marine Biotechnology haldinn á Íslandi



Fjölmennt var á vörfundinum

27 Vorfundur Tækniþróunarsjóðs: Er líf án tækni?

Tækniþróunarsjóður kynnti úthlutun ríflega 800 m.kr. í nýja styrki ásamt því að kynna framkvæmd nýrrar stefnumótunar.

31 Vinnufundur starfsfólks: Vinnutæki hugsandi fólks

JÚNÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31



Vaxtarsprotinn 2016

1 Vaxtarsproti ársins 2016
Fyrirtækið Eimverk hlaut Vaxtarsprotann 2016, viðurkenningu fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis árið á undan.

1 Vinnufundur starfsfólks: Tækni til að tryggja samstöðu



Dr. Margrét Helga við verðlaunaafhendinguna

2 Rannsóknarþing og afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs
Dr. Margrét Helga Ögmundsdóttir, doktor við Læknadeild Háskóla Íslands, hlaut viðurkenninguna að þessu sinni. Forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs, Sigurður Ingi Jóhannsson, afhenti Margréti verðlaunin.

2 Vinnufundur starfsfólks: Vinnutæki í skapandi starfi

6 Fjórða Norræna-kínverska norðurslóðaráðstefnan

9 Kynningarfundur um Uppbyggingarsjóð EES 2014-2021

10 Iðnaðarráðherra kynnis nýja hugverkastefnu

20 Samstarfsnefnd um samstarf Norðurlanda og Rússlands í rannsóknum og menntun fundar hjá Rannís

28 Tiltektarvika starfsfólks hefst


30 Nýtt tilraunaverkefni innan Horizon 2020 auglýst: SME Innovation Associate

30 Tilkynnt um úrslit í verðlaunasamkeppni á meðal starfsfólks um nafngift á mötuneytið Hlutskarpast varð nafnið Hlaðan.

JÚLÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

1 Kynningarfundur um breytt umhverfi nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi



Sendinefndin í húsakynnum Rannís

12 Volker Rachold framkvæmdastjóri IASC heimsækir Rannís

Undirbúningur fyrir opnun skrifstofu IASC á Akureyri hefst.

4 Kínversk sendinefnd frá China Scholarship Council sækir Rannís heim

ÁGÚST

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

16 Auglýst eftir umsóknum í norrænu rannsóknar- og nýsköpunaráætlunina Grænn vöxtur

17 Opinn fyrirspurnartími um umsóknarkerfi Rannsóknarsjóðs

24 Kynning á styrkjaflokkum og umsóknarferli Tækniþróunarsjóðs á Akureyri og Sauðárkróki

25 Kynning á styrkjaflokkum og umsóknarferli Tækniþróunarsjóðs á Ísafirði

30 Kynning á styrkjaflokkum og umsóknarferli Tækniþróunarsjóðs á Selfossi

30 Námskeið fyrir verkefnisstjóra Erasmus+ samstarfsverkefna og undirritun styrksamninga

SEPTEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

- 5** Slóvensk sendinefnd í heimsókn vegna Erasmus+ og Uppbyggingarsjóðs EES
- 6** ERA COFASP stjórnarfundur í Reykjavík
- 8** COFASP og Tækniþróunarsjóður kynna verkefni tengd sjávarútvegi hjá HB Granda á Akranesi
- 9** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið undirritar nýjan samning við Rannís um umsýslu Tækniþróunarsjóðs
- 9** Matsmannanámsskeið Erasmus+ fyrir Nám og þjálfun
- 12** Fulltúar NSFC (National Natural Science Foundation of China) í viðræðum við Rannís um samstarf
- 22** Rannís, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík taka á móti fulltrúum háskóla, fyrirtækja og stjórnkerfis Kólumbíu
Flutt voru erindi um nýsköpunar- og rannsóknarumhverfið á Íslandi, tækifæri til samstarfs í gegnum innlenda og erlenda styrktarsjóði og tækifæri til eflingar gæða í háskólum. Gestirnir heimsóttu m.a. Matís, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Hellisheiðarvirkjun.

26 Eftirlitsheimsókn vegna þátttöku Íslands í EPALE sem er vefgátt fullorðinsfræðslu í Evrópu

26 Ungversk sendinefnd frá menntahluta Uppbyggingarsjóðs EES fundar hér á landi með Rannís og ýmsum menntastofnunum á háskólastigi



Verðlaunahafar á góðri stundu

28 13 verkefni hljóta gæðamerki eTwinning
Viðurkenningarnar voru veittar við hátíðlega athöfn í menntabúðum Menntamiðju á Menntavísindasviði.

OKTÓBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

- 7** Ráðstefnan Arctic Circle - Hringborð Norðurslóða 2016 haldin í Hörpu
Rannís skipulagði með erlendum samstarfsaðilum tvær málstofur um vísindi og vísindasamstarf.
- 10** Hornsteinn lagður að byggingu kínversk-íslensku rannsóknastöðvarinnar um norðurljós
Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Sun Shuxian, aðstoðarráðherra Hafmálastofnunar Kína, lögðu hornstein að byggingunni við hátíðlega athöfn í húsnæði rannsóknastöðvarinnar á Kárhóli í Þingeyjarsveit.
- 12** Skrifað undir yfirlýsingu um að allar menntastofnanir leggi evrópska hæfni-rammann til grundvallar í námsframboði sínu
- 17** Rannís býður starfsfólki upp á heilsudaga

18 Námskeið fyrir náms- og starfsráðgjafa og alþjóðafulltrúa háskóla og framhaldsskóla
Euroguidance Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar stóð fyrir námskeiðinu í samvinnu við Europass, Upplýsingamiðstöð um nám erlendis og Bologna experts verkefnið, um möguleika á námi og starfi erlendis.

24 Dr. Allen Pope ráðinn framkvæmdastjóri IASC á Íslandi frá og með 1. janúar 2017

27 Starfsmannahandbók Rannís, ásamt hönnunarleiðbeiningum og vefstefnu, lögð fram á starfsmannafundi

27 Leikskólinn Holt hlýtur Evrópuverðlaun eTwinning í flokki verkefna sem hvetja til lesturs
Sigurbjört Kristjánsdóttir, deildarstjóri á Holti, tók við verðlauninum sem veitt voru á árlegri ráðstefnu eTwinning sem haldin var í Aþenu.

NÓVEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30

8 Norræn tengslaráðstefna í fullorðinsfræðslu á Íslandi
Þemað var námsráðgjöf fyrir fullorðna með litla formlega menntun. 80-100 manns tóku þátt frá öllum Norðurlöndum. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við EPALE og Norræna samstarfsnetið um menntun fullorðinna.



Skipuleggjendur norrænu tengslaráðstefnunnar

- 8** Námskeið í þróun hugmynda að Erasmus+ samstarfsverkefnum
- 9** Tilkynt að 25 ný COST verkefni hafi verið samþykkt
- 10** Arion banki skrifar undir samning um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja, SME Access to Finance
- 11** Vitvélar halda ráðstefnu um gervigreind - öndvegisverkefni styrkt af Markáætlun



Andri Snær Magnason rithöfundur á tengslaráðstefnu eTwinning

- 18** Evrópsk eTwinning tengslaráðstefna á Íslandi um frásagnalist fyrir kennara í unglingadeild, 75 þátttakendur frá 12 Evrópuríkjum
- 21** Heimsókn frá króatískri landskrifstofu Erasmus+
- 24** Lokaráðstefna GEORG alþjóðlegs rannsóknaklasa í jarðvarma, öndvegisverkefni styrkt af Markáætlun
Markáætlun um öndvegissetur og klasa 2009 - 2015 er stærsta einstaka markáætlun sem boðið hefur verið upp á. Þrjú verkefni fengu styrk til sjö ára. Munu hin tvö verkefni kynna lokaniðurstöður sínar á næsta ári.
- 25** Auglýst eftir sérfræðingi í fullt starf hjá Rannís til að sinna umsýslu samkeppnissjóða, einkum Tækniþróunarsjóðs, og taka þátt í uppbyggingu upplýsingakerfis Rannís.
- 25** Auglýst eftir skrifstofustjóra í 50% starf hjá IASC
- 28** Norræn/baltnesk námsstefna um kennara-menntun og upplýsingatækni haldin á Íslandi á vegum Landskrifstofu Erasmus+, 35 þátttakendur frá sjö löndum

DESEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

- 2** Jólagleði starfsfólks
- 8** Starfsmenntabúðir fyrir leiðbeinendur á sviði starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu
Vikan 5. – 9. desember er evrópsk vika starfsmenntunar. Íslenskur viðburður starfsmenntavikunnar var skipulagður í samvinnu Rannís, Erasmus+ og EPALE, IÐUNNAR fræðsluseturs og mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 9** Erasmus+ hádegisfundur um alþjóðastefnu starfsmenntaskóla
- 14** Uppfært myndband Erasmus+ birt: Vikkaðu sjóndeildarhringinn
- 15** Nýrri heimasíðu Euroaxess á Íslandi ýtt úr vör
- 19** Tilkynt um haustúthlutun Tækniþróunarsjóðs
Alls fóru 450 m.kr. til 25 verkefna.
- 23** Fréttabréf Rannís kemur út



STARFSEMI OG SKIPULAG

SKIPURIT RANNÍS 2016

Hlutverk Rannís er að treysta stöðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu. Rannís styður þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum, ásamt því að greina og kynna áhrif á þjóðarhag.

Í umsjá Rannís er 21 innlendir sjóður og sex erlendar samstarfsáætlanir, auk ýmissa stöðverkefna sem tengjast starfssviði stofnunarinnar. Á meðal sjóða eru Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður sem eru tveir stærstu samkeppnissjóðir hér á landi, samstarfsáætlanir Evrópusambandsins og listamannalaun.

Rannís er náinn samstarfsaðili Vísinda- og tækniráðs, sem markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum, og veitir stofnunin faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu þess. Markmiðið er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu og treysta þannig stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Rannís heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og starfar á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003.

Rannís hefur umsjón með helstu samkeppnissjóðum á sviði rannsókna og nýsköpunar, menntunar og menningar á Íslandi, auk samstarfsáætlana ESB og norrænna áætlana sem veita styrki til samstarfsverkefna, náms og þjálfunar. Samskiptanetið er stórt; skólar, atvinnulíf, stofnanir, einstaklingar auk stjórnýsslunnar tilheyra viðskiptavinahópi Rannís. Hér má sjá yfirlit yfir helstu samkeppnissjóði og sérverkefni sem Rannís hefur umsjón með.


Innlendir sjóðir

- Atvinnuleikhópar
- Hljóðritasjóður
- Innviðasjóður
- Íslenskukennsla fyrir útlendinga
- Íþróttasjóður
- Listamannalaun
- Markáætlun
- Máltækisjóður
- Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla
- Nýsköpunarsjóður námsmanna
- Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar

- Rannsóknasjóður
- Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara - SEF
- Skattfrádráttur rannsókn- og þróunarverkefna
- Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna
- Tónlistarsjóður
- Tækniþróunarsjóður
- Vinnustaðanámsjóður
- Þróunarsjóður námsgagna
- Æskulýðssjóður

Alþjóðastarf

- Arctic Research and Studies - Norðurslóðafræði
- Creative Europe
- Erasmus+ menntaáætlun ESB
- Sérverkefni Erasmus+
 - ECVET
 - EPALE
 - eTwinning
 - Euroguidance
 - Europass
 - EQF-NCP
 - Higher Education Reform
 - Jean Monnet
- Euraxess
- Evrópska tungumálamerkið
- Horizon 2020
 - ERA-COFASP
 - ERA-Marine
 - Biotechnology
 - ERA-Geothermal
 - HERA-Humanities in the European Research Area
 - Norface
- Norrænt samstarf
 - NOS-HS
 - NOS-M
 - NOS-N
 - NordForsk
 - Nordplus
- Sóknarstyrkir
- Tungumálamiðstöðin í Graz
- Uppbyggingarsjóður EES



FJÖGUR SVIÐ

Starfsemi Rannís skiptist í þrjú fagsvið, þ.e. rannsókn- og nýsköpunarsvið, alþjóðasvið og mennta- og menningarsvið. Rekstrarsvið gengur þvert á fagsviðin og styður við starfsemi þeirra.

Sameiginlegt markmið sviðanna er að efla samstarf stjórnvalda og hagsmunaaðila við undirbúning og framkvæmd opinberrar vísinda- og tæknistefnu og styðja við rannsóknir og nýsköpun, menntun, menningu og þróun mannauðs.

REKSTRARSVIÐ

Hlutverk rekstrarsviðs er að sjá um fjármál, rekstur og bókhald, mannauðsmál, tölvumál, skjala- og gagnastjórnun, innri gæðamál ásamt samskipta- og kynningarmálum, móttöku viðskiptavina og

rekstri mótuneytis. Árleg rekstraráætlun byggir á verkþókhaldi og er hvert verk skoðað út frá gjöldum, tekjum og tíma sem á að verja í það á komandi ári. Auk mánaðarlegra uppgjöra eru gerð nákvæmari ársfjórðungsleg uppgjör.

Mannauðsmál heyrir undir sviðið, allt frá nýráðningum til starfsloka, umsjón með launum, árlegum starfsmannasamtölum, fræðsluáætlunum og starfsþróun starfsmanna. Jafnframt heyrir almennur skrifstofurekstur undir rekstrarsvið, þ. á m. tölvumál, skjalastjórnun og innri gæðamál. Þá eru samskipta- og kynningarmál stór þáttur ásamt viðburðastjórnun. Heimasiðan kallar á stöðuga vinnu árið um kring og vaxandi þörf er fyrir að koma efni á framfæri til markhópa í gegnum samfélagsmiðla.

RANNSÓKNA- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ

Rekstur tveggja stærstu samkeppnissjóða landsins er í umsjá rannsóknna- og nýsköpunarsviðs, annars vegar Rannsóknasjóður fyrir rannsóknir og vísindi og hins vegar Tækniþróunarsjóður fyrir þróun og nýsköpun. Sviðið hefur auk þess umsjón með Innviðasjóði, Markáætlun, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Máltækisjóði, ásamt nokkrum minni sjóðum. Starfsmenn sviðsins þjónusta stjórnir og fagråd sjóðanna, annast framkvæmd og skipulag á matsferli, samningsgerð, eftirfylgni verkefna, samskipti við umsækjendur/styrkþega og kynningar á sjóðunum. Þá staðfestir sviðið rannsóknar- og þróunarverkefni nýsköpunarfyrirtækja vegna skattfrádráttar í tengslum við rannsóknar- og þróunarkostnað.

Sviðið hefur umsjón með Gæðaráði íslenskra háskóla, en í því felst að annast reglubundnar úttektir óháðra sérfræðinga á starfsemi háskóla og einstakra eininga þeirra. Jafnframt að efla gæðameningu innan háskóla með ráðstefnum, námskeiðum og útgáfustarfsemi í samráði við hagsmunaaðila.

Á hugbúnaðarsviði starfa forritarar sem hafa það meginhlutverk að byggja upp umsóknakerfi sem er grunnurinn að gagnasöfnun og úrvinnslu Rannís á umsóknargögnum og heildarumsýslu- og upplýsingakerfi Rannís til framtíðar. Ofan á grunninn hefur verið þróað umsýslukerfi fyrir sjóðsstjóra, bókhald og fagráðskerfi fyrir matsmenn og stjórnir sjóða. Þessi kerfi eru í stöðugri þróun, en markmiðið er að þau þjóni öllum sjóðum og áætlunum sem Rannís hefur umsjón með og vísinda- og nýsköpunarsamfélaginu í heild.

Starfsmenn rannsóknna- og nýsköpunarsviðs taka virkan þátt í öðrum verkefnum stofnunarinnar sem tengjast sérfræðisviðum hvers um sig. Þar skiptir þátttaka í umsýslu við rannsóknnaáætlun ESB miklu máli. Tengsl á milli innlendra samkeppnissjóða og alþjóðasviðs eru mikilvæg þar sem oft er um að ræða sömu hagsmunaaðila.

ALÞJÓÐASVIÐ

Alþjóðasvið hefur umsjón með Horizon 2020, rannsóknna- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins fyrir hönd Íslands, og er það eitt stærsta einstaka verkefni sviðsins. Í því felst seta í stjórnarnefndum og umsjón með starfi stjórnar-/nefndarfulltrúa og landstengiliða áætlunarinnar. Starfsmenn sviðsins eru í sjö landstengilaverkefnum sem ganga út á að efla samstarf evrópskra landstengiliða. Rannís skipuleggur auk þess kynningu á áætluninni og stendur fyrir fundum og námskeiðum sem miða að því að auka og auðvelda þátttöku íslensks vísindasamfélags í evrópsku



Á árinu innleiddi Tækniþróunarsjóður fimm nýja styrktarflokka og lauk þar með innleiðingu nýrrar stefnumótunar stjórnar sjóðsins sem hófst 2014. Var henni m.a. ætlað að stuðla að aukinni nýliðun og þekkingaryfirfærslu úr háskólum og stofnunum yfir í atvinnulíf. Sjóðurinn hafði 2.347 m.kr. til umráða, sem var hækkun um 975 m.kr. frá árinu á undan. Umsóknnum í Tækniþróunarsjóð fjölgaði um 75% á milli árunna 2015 og 2016.

Fjöldi umsókna í Tækniþróunarsjóð



Frá árinu 2013 til ársins 2015 hafa útgjöld til rannsókna og þróunar á Íslandi hækkað sem hlutfall af vergri landsframleiðslu úr 1,76% í 2,19%. Á sama tíma hafa útgjöld til R&P staðið í stað í Evrópusambandinu, í 2,03-2,04% af vergri landsframleiðslu. R&P útgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu eru nú sambærileg á Íslandi og í Frakklandi og Slóveníu. Árið 2015 er Svíþjóð með hæsta hlutfallið, 3,26%, en Austurríki er með 3,07% og Danmörk 3,03%. Útgjöld til R&P í Finnlandi lækka úr 3,29% í 2,90% á tímabiliinu. (Heimild: Hagstofa Íslands)

samstarfi. Einnig hefur alþjóðasvið umsjón með tengdum áætlunum sem miða að því að styðja við alþjóðlegt samstarf íslensks vísindasamfélags, svo sem COST og Jules Verne. Þá heldur alþjóðasvið utan um íslenska þátttöku í svokölluðum ERA-netum sem miða að því að koma á samstarfi rannsóknasjóða aðildarlandanna.

Helstu markmið sviðsins eru að stuðla að aukinni nýliðun í erlendum samstarfsverkefnum, auka sókn í einstakar undirráætlanir Horizon 2020 og bæta þá þjónustu sem fyrir er.

MENNTA- OG MENNINGARSVIÐ

Mennta- og menningarsvið annast umsýslu með fjórum alþjóðlegum áætlunum og 11 innlendum samkeppnissjóðum sem veita styrki til íslensks mennta- og menningarsamfélags, auk þess að sinna upplýsingaþjónustu og stuðningi við stefnumótun í mennta- og menningarmálum.

Alþjóðlegt samstarf er umfangsmest í starfsemi sviðsins sem rekur landskrifstofur fyrir Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins, Nordplus menntaáætlun Norðurlanda og Creative Europe, menningar- og kvikmyndaáætlun

Evrópusambandsins, auk Arctic Studies sem er tvíhliða samstarf Íslands og Noregs.

Í tengslum við Erasmus+ áætlunina rekur sviðið nokkur sérverkefni sem fela m.a. í sér stuðning við rafrænt skólasamstarf, vefgátt fyrir fagfólk í fullorðinsfræðslu, þjónustumiðstöð fyrir náms- og starfsráðgjafa og umsjón með evrópskum skjólum sem ætlað er að auðvelda samhæfingu prófskrirteina og viðurkenninga innan Evrópu. Þá vinnur sviðið í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytis að stuðningi við stefnumótun, m.a. sem landstengiliður vegna evrópska hæfnirammans um menntun og veitir stuðning við sérfræðingateymi um umbætur á háskólastigi.

Loks rekur sviðið Upplýsingastofu um nám erlendis og sér um vefgáttina FaraBara.is sem geymir upplýsingar fyrir erlenda aðila sem hafa áhuga á að stunda nám hérlendis.

Á innlendum vettvangi sér mennta- og menningarsvið um þjónustu við innlenda sjóði á sviði menntunar, menningar og æskulýðs- og íþróttamála.




Rannís hélt áfram starfi landstengiliðar um evrópskan hæfniramma um menntun (EQF) í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem er í forsvari fyrir verkefnið. Markmið EQF er að auka gagnsæi evrópskra menntakerfa og stuðla að auknum hreyfanleika starfsfólks milli Evrópulanda; landstengiliður EQF á Íslandi er þ.a.l. hluti af stóru samstarfsneti innan Evrópu.




Við undirritun íslenska hæfnirammans

Megináherslur landstengiliðs á árinu var að ná samkomulagi allra hagsmunaaðila um menntun á Íslandi um útfærslu á íslenskum hæfniramma um menntun. Undir það samkomulag var skrifað þann 12. október 2016. Með samkomulaginu skuldbinda aðilar samkomulagsins sig til að nota rammann sem viðmið í eigin námsframboði og stuðla að markvissri innleiðingu hans. Íslenski hæfniramminn um menntun skiptist í sjö hæfniprep sem lýsa stigvaxandi hæfnikröfum og þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem gert er ráð fyrir að einstaklingur hafi náð við námslok á viðkomandi þrepi. Væntingar standa til þess að ramminn muni í framtíðinni tengja saman hið formlega menntakerfi og óformlegt nám í gegnum vinnu.

Rannís í rauntölum 2016



Umsækjendahópur Rannís



Flestar umsóknir koma frá einstaklingum eða um 32%, næst flestar frá skólum og stofnunum eða 27%, en þar á eftir koma fyrirtæki með 26% umsókna. Aðrir umsækjendur eru um 15%, en þar eru ýmsir aðilar eins og félag með blandaðri eignaraðild og félagasamtök.



SVIÐSSTJÓRAR GERA UPP ÁRIÐ



Herdís Þorgrímsdóttir, sviðsstjóri rekstrarsviðs

Árið 2016 var fyrsta heila ár Rannís í nýjum höfuðstöðvum að Borgartúni 30. Á árinu var haldið áfram með aðlögun starfseminnar að nýju húsnæði þrátt fyrir þröngan fjárhagsramma. Forsætisráðuneytið tók hluta af þriðju hæðinni til leigu tímabundið undir verkefni á þess vegum.

Lýkilorð Rannís, Hingað og lengra, var myndgert og hengt upp í móttöku en þar koma einnig fram fjölmörg orð sem eru lýsandi fyrir starfseminna gagnvart viðskiptavinum.

Markvisst var unnið að innri uppbyggingu Rannís á árinu. Starfsmannahandbók Rannís kom út. Við gerð hennar voru mannauðs-, starfsþróunarstefna

og jafnréttisáætlun stofnunarinnar endurskoðaðar og uppfærðar. Einnig var vefstefna Rannís uppfærð og settar fram hönnunarleiðbeiningar með endurbættu bréfsfni og glærum. Árleg starfsmannasamtöl fóru fram á fyrri hluta árs og voru starfslýsingar endurskoðaðar og uppfærðar.

Alls voru haldnir átta starfsmannafundir á árinu. Niðurstöður frá námskeiðum og vinnufundum með dr. Hauki Inga Jónassyni voru kynntar á starfsmannafundi að hausti. Sumar hugmyndirnar voru þá þegar komnar í framkvæmd.

Rannís efndi til heilsudaga að hausti. Námskeið voru haldin fyrir starfsfólk um líkamsbeitingu og vinnutækni, heilsueflingu og núvitund. Auk fræðsluerinda var starfsfólki boðið að taka þátt í hlaupahópi, sjósundi, gönguferðum, náttúrujoga og morgunleikfimi á heilsudögum.

Vinna við hæfnisgreiningu starfa hófst á árinu og stofnaðir voru rýnihópar með þátttöku starfsfólks. Ekki tókst að klára hæfnisgreininguna innan ársins en verkinu lýkur á fyrri hluta ársins 2017.

Fegrunarnefnd tók til starfa í marsbyrjun en hún er skipuð starfsfólki og var ætlað að leggja til hugmyndir að því hvernig gera megi vinnustaðinn vistlegri. Kallað var eftir hugmyndum frá starfsfólki og haldin var tiltektarvika í sumarbyrjun að frumkvæði

þess. Tiltekt fór fram á öllum hæðum Rannís, á skrifstofum, í geymslum og opnu rými. Útbúin var setustofa fyrir starfsfólk sem nýttist jafnt fyrir almennt spjall og óformlega fundi en þangað er líka hægt að leita til að fá næði eða taka einkasamtöl. Setustofan fékk heitið H-stofan. Í tiltektarviku var efnt til samkeppni á meðal starfsmanna um heiti mótuneytis og fékk það nafnið Hlaðan.

Í lok árs var gerður samningur við CEO Huxun um reglubundnar mannauðsmælingar í þeim tilgangi að kalla eftir viðhorfum starfsfólks til ýmissa þátta sem snerta starfsemi stofnunarinnar. Ein mæling var gerð í árslok 2016 en stefnt er að mánaðarlegum mælingum nema yfir sumarmánuðina. Áfram verður unnið að því að byggja upp innra starf á nýju ári.

Nýtt verklag ríkisins um fjárhagsáætlanagerð stofnana og markmiðasetningu til þriggja ára var kynnt starfsfólki á starfsmannafundi á seinni hluta árs ásamt drögum að fjárhagsáætlun og markmiðssetningu Rannís. Í framhaldinu voru haldnir sviðsfundir þar sem farið var betur yfir efnisþættina og starfsfólk gat komið með athugasemdir og tillögur.



Sigurður Björnsson, sviðsstjóri rannsókn- og nýsköpunarsviðs

Verulegar breytingar urðu á umfangi stóru samkeppnissjóðanna, Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs. Stefna Vísinda- og tækniráðs sem var kynnt í maí 2014 er nú að fullu komin til framkvæmda og eru sjóðirnir með til úthlutunar tæpa 5 ma.kr., sem er um tveggja milljarða króna hækkun frá fyrra ári.


Samfara aukinni stærð stóru samkeppnissjóðanna hafa báðir sjóðirnir nú lokið við að hrinda í framkvæmd nýrri stefnumótun sem lagt var upp með í aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs. Rannsóknasjóður var rekinn með nýjum hætti á þessu ári þar sem fagráðum var fjölgað í sjö og talsverðar breytingar urðu á upphæð styrkja og fyrirkomulagi samreksturs. Samreksturinn kemur

að stórum hluta til með að renna til háskólanna og stofnana til að standa straum af kostnaði við húsnæði og almennan rekstur rannsóknarverkefna. Þá var boðið upp á sérstaka doktorsnemastyrki á árinu.

YFIRLIT STYRKJAFLOKKA TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐS
Einkaleyfastyrkur
Hagnýt rannsóknarverkefni
Fyrirtækjastyrkur Fræ
Fyrirtækjastyrkur Sproti
Fyrirtækjastyrkur Vöxtur
Fyrirtækjastyrkur Sprettur (öndvegisstyrkur innan Vaxtar)
Fyrirtækjastyrkur Markaðsstyrkur

Tækniþróunarsjóður lauk við að hrinda í framkvæmd sinni stefnumótun með umsóknarfresti að hausti. Alls er nú boðið upp á sjö mismunandi styrktarflokka, allt frá hagnýtum rannsóknarverkefnum til að ýta undir þekkingaryfirfærslu úr háskólum og rannsóknastofnunum yfir í Sprett fyrir nýsköpunarfyrirtæki sem eru komin í þá stöðu að eiga möguleika á að vaxa hratt næstu árin. Umsóknum í Tækniþróunarsjóð fjölgaði um 75% á árinu og voru alls 510. Fjöldi umsókna í Rannsóknasjóð stóð í stað.

Rannsóknasjóður
Framlög í m.kr. á verðlagi hvers árs og uppreiknað miðað við 2015



Tækniþróunarsjóður
Framlög í m.kr. á verðlagi hvers árs og uppreiknað miðað við 2015



Aðrir sjóðir á sviðinu voru reknir með hefðbundnu sniði. Innviðasjóður stækkaði þó talsvert og var úthlutað í samræmi við ný lög um sjóðinn sem voru sett 2015. Lögum um endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar var breytt þannig að hámark til endurgreiðslu hækkaði verulega (þrefaldaðist) og er rekstur þess sjóðs orðinn viðamikill þáttur í umsýslu sviðsins, en umfang sjóða á sviðinu var um 7 ma.kr. á árinu.



Tækniþróunarsjóður hóf árið á kynningarátaki undir slagorðinu Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði.



Tveir íslenskir vísindamenn hlutu á árinu styrki frá Evrópska rannsóknaráðinu (ERC). Styrkir ERC eru aðeins veittir framúrskarandi vísindamönnum sem teljast í fremstu röð innan sinna fræðasviða í Evrópu.

Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor í faraldsfræði við Læknadeild Háskóla Íslands, hlaut 2 milljónir evra til rannsókna á erfðum heilsufars í kjölfar streituvaldandi atburða.

Sigurður Yngvi Kristinsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, hlaut styrk upp á 1,5 milljónir evra vegna rannsóknarverkefnisins Blóðskimun til bjargar – þjóðarátaki gegn mergæxlum.

Árinu áður hafði Inga Dóra Sigfúsdóttir hjá Háskólanum í Reykjavík hlotið styrk frá ERC til að vinna að þverfaglegum rannsóknum um áhrif streitu á líðan barna og ungmenna.

Starfsmenn hafa tekið virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi, bæði innan Norðurlanda, Nordforsk og Nordic Innovation, og Evrópusambandsins í Horizon 2020 rammaáætluninni. Tveimur ERA verkefnum lauk á árinu, ERA-COFASP og ERA-Geothermal. Gengið var frá samningi um framhald ERA-Geothermal með nýju verkefni, GEOTHERMICA, til fimm ára.

Undirbúningur að nýrri áhrifamatsskýrslu er hafinn fyrir styrkárin 2009-2013 og stefnt að því að gefa hana út á seinni hluta 2017.

Veruleg aukning í umfangi sjóðanna, sérstaklega hjá stóru samkeppnissjóðunum, hefur leitt til mikils álags á starfsmenn sviðsins. Unnið er að því að ráða nýja sérfræðinga til starfa.



Elísabet M. Andrésdóttir, sviðsstjóri alþjóðasviðs

Meginverkefni alþjóðasviðs á árinu voru að kynna rannsóknar- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins Horizon 2020 með það að markmiði að efla sókn Íslands í áætlunina. Áhersla var lögð á að skipuleggja námskeið og kynningarfundir, auk þess að veita ráðgjöf varðandi umsóknarskrif og annan undirbúning er tengist umsóknarferlinu.

Umsýsla vegna Uppbyggingarsjóðs EES var talsverð á árinu. Áætluninni er að mestu lokið en undirbúningur undir næstu áætlun sjóðsins er í fullum gangi. Utanríkisráðuneytið leiðir þá vinnu og hefur Rannís komið að henni með virkum hætti.

Breytingar urðu á starfsmannahaldi sviðsins á árinu, einn starfsmaður flutti sig um set innan Rannís og kom til starfa á alþjóðasviði í febrúar.



Ágúst Hjörtur Ingbórsson, sviðsstjóri mennta- og menningar sviðs

2016 var fyrsta árið frá því að sviðið var stofnað árið 2013 sem einkenndist af stöðugleika, jafnt í ytra umhverfi sem innra starfi. Framkvæmd verkefna sviðsins gekk almennt vel þó að umfang hafi að einhverju marki verið minna vegna samdráttar í sértekjum sem skýrist af gengisþróun. Eitt nýtt verkefni bættist við, sem var umsýslun með Hljóðritasjóði. Heildarfjöldi umsókna sem starfsfólk sviðsins tók á móti var um 2.200 sem



Árangur Íslands á sviði orkurannsókna í Horizon 2020 hefur verið með eindæmum góður. Átta samevrópsk rannsóknarverkefni með íslenski aðild hafa verið samþykkt og er heildarframlag til íslenskra aðila rúmar 13,7 milljónir evra. Íslensku aðilarnir sem að þessum verkefnum koma eru ÍSOR, HS Orka, Landsvirkjun, Landsnet, GEORG jarðvarmaklasi og Arctus metal ehf.


Nýtt Vísinda- og tækniráð tók til starfa á árinu. Vísinda- og tækninefndir hittust 11 sinnum á sameiginlegum fundum og vísindanefnd fundaði sjö sinnum á árinu. Í júní var haldinn fundur í Vísinda- og tækniráði undir stjórn forsætisráðherra. Seinni hluta árs hófst síðan vinna við mótun stefnu Vísinda- og tækniráðs fyrir tímabilið 2017-2019 og var henni ekki lokið í árslok.

er örlítil fækkun frá árinu áður og skýrist af breyttu fyrirkomulagi við úthlutun úr Vinnustaðanamssjóði. Samtals var úthlutað styrkjum að andvirði rúmlega 2,5 ma.kr. sem er nokkur aukning frá 2015. Fjöldi einstaklinga sem nýtur ávinnings af styrkveitingum sviðsins er verulegur og skiptir þúsundum á hverju ári.


Alþjóðlegt samstarf var áfram þungamiðjan í starfsemi. Eftirspurn eftir Erasmus+ styrkjum var umtalsvert meiri en það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Að loknum þremur fyrstu árum áætlunarinnar hafa allir íslenskir háskólar sótt um í Erasmus+, 65% framhaldsskóla, 40% grunnskóla og 17% leikskóla. Sókn í Creative Europe áætlunina var góð og árangurinn einnig, þótt styrkuppþæðir til íslenskra aðila hafi verið lægri en árið 2015 sem var metár frá upphafi. Sviðið tók virkan þátt í undirbúningi að nýju tímabili Uppbyggingarsjóðs EES, þar sem búast má við aukningu í menningarsamstarfi á næstu fimm árum.

Það var gestkvæmt hjá mennta- og menningarsviði og tekið var á móti sérstökum sendinefndum frá Kína, Rússlandi, Króatíu, Slóveníu og Ungverjalandi auk reglulegra samráðsfunda. Þá stóð sviðið fyrir þremur alþjóðlegum tengslaráðstefnum í nóvember sem sóttar voru af um 200 gestum frá flestum Evrópuríkjum. Þeir viðburðir tókust allir vel, ef marka má mat þátttakenda, og var þar lagður grunnur að nýjum samstarfsverkefnum á sviði skóla og fullorðinsfræðslu.

FLÆÐI STARFSFÓLKS HÁSKÓLA TIL OG FRÁ ÍSLANDI 2014 - 2016*



FLÆÐI HÁSKÓLASTÚDENTA TIL OG FRÁ ÍSLANDI 2014 - 2016*



* 2016 verkefni eru enn virk og tölur því ekki endanlegar.

Umfang alþjóðlegs menntasamstarfs er verulegt og vinsældir Íslands fara enn vaxandi. Á fyrstu þremur árum Erasmus+ fóru 634 háskólastúdentar og 362 starfsmenn háskóla frá Íslandi til 25 landa – en til Íslands komu 1.458 stúdentar og 562 starfsmenn háskóla frá 30 löndum. Þessir nemendur og starfsmenn koma frá 550 háskólum víðsvegar um Evrópu svo samstarfsnet íslensku háskólanna er afar umfangsmikið.



Þátttakendur evrópsku eTwinning ráðstefnunnar í nóvember



SJÓÐIR

Yfirlitsmynd yfir umfang sjóða sem Rannís hefur umsjón með

SJÓÐIR OG ÁÆTLANIR Í UMSÝSLU RANNÍS	Fjárveiting í m.kr.	Sótt um í m.kr.	Úthlutað í m.kr.	Árangurs- hlutfall í upphæðum	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykkrna umsókna	Árangurs- hlutfall umsókna
Rannsóknasjóður - nýjar umsóknir	2.470	3.997	1.015	25%	291	72	25%
Rannsóknasjóður - framhaldsumsóknir		1.233	1.233	100%		123	
Tækniþróunarsjóður - nýjar umsóknir	2.348	4.831	1.338	28%	510	112	22%
Tækniþróunarsjóður - framhaldsumsóknir		991	933	94%		80	
Skattfrádráttur rannsóknar- og þróunarverkefna	1.442	**	1.442	**	320	277	*
Erasmus+	769	1.327	729	55%	100	68	68%
Listamannalaun***	746	3.523	593	17%	819	306	37%
Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla	326	**	326	**	133	42	32%
Vinnustaðanámssjóður	245	223	223	100%	159	159	*
Innviðasjóður	200	655	192	29%	70	21	30%
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	120	181	123	68%	22	22	*
Styrkir til atvinnuleikhópa***	95	587	92	16%	95	18	19%
Nordplus Sprog	85	106	79	75%	19	16	84%
Nýsköpunarsjóður námsmanna	80	250	71	28%	254	67	26%
Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna	71	159	38	24%	58	21	36%
Tónlistarsjóður	65	224	63	28%	268	115	43%
Þróunarsjóður námsgagna	55	154	51	33%	109	35	32%
Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara - SEF	48	48	43	90%	77	75	*
Hljóðritasjóður	35	165	34	20%	167	84	50%
Máltækisjóður	30	40	30	75%	5	3	60%
Arctic Research and Studies - Norðurslóðafræði	23	55	23	41%	20	11	55%
Íþróttasjóður	16	196	16	8%	213	107	50%
Æskulýðssjóður	11	72	11	15%	66	26	39%
Samtals	9.279	19.017	8.697		3.775	1.860	
Áætlanir sem úthluta beint til íslenskra aðila							
Horizon 2020		**	2.045	**	388	68	18%
Creative Europe		**	81	**	22	13	59%
Samtals			2.126		410	81	
Heildarumfang sjóða og áætlana sem Rannís þjónustar			10.823		4.185	1.941	

* Árangurshlutfall umsókna á ekki við þar sem aðeins fyrirfram skilgreindir aðilar geta sótt um og fá úthlutað uppfylli þeir öll skilyrði.

** Upphæð sem sótt er um er ekki þekkt og því ekki hægt að reikna árangurshlutfall í upphæðum.

*** Þar sem umsýsla vegna starfslauna listamanna og styrkja til atvinnuleikhópa fer að langmestu leyti fram á seinni hluta ársins á undan því ári sem er úthlutað er miðað við fjárlög 2017 í þessum sjóðum.

RANNSÓKNASJÓÐUR

Framlag ríkisins til Rannsóknasjóðs árið 2016 var 2.470 m.kr. Sótt var um 3.997 m.kr. til nýrra verkefna en 1.015 m.kr. voru veittar í nýja styrki eða 25% umbeðinnar upphæðar. Alls bárust 305 umsóknir í sjóðinn en 14 var vísað frá vegna formgalla og voru 72 verkefni styrkt.

Meðalupphæð styrkja var 14,1 m.kr. sem er 36% aukning miðað við meðalstyrk árið áður. Meginskýringin felst í því að samrekstur var hækkaður í 25% og bætist ofan á viðurkenndan kostnað.

Alls voru veittir sex öndvegissstyrkir, 44 verkefnisstyrkir, tíu rannsóknastöðustyrkir og 12 doktorsnemastyrkir.

Rannsóknasjóður - miðað við fjölda umsókna

FAGRÁÐ	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Raunvísindi og stærðfræði	49	15	31%
Verkfræði og tæknivísindi	38	9	24%
Náttúruvísindi og umhverfivísindi	52	12	23%
Lífvísindi	38	8	21%
Klínískar rannsóknir og lýðheilsa	25	7	28%
Félagsvísindi og menntavísindi	40	8	20%
Hugvísindi og listir	49	13	27%
Samtals	291	72	25%

Rannsóknasjóður - miðað við upphæðir í m.kr.

FAGRÁÐ	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Raunvísindi og stærðfræði	751	239	32%
Verkfræði og tæknivísindi	540	108	20%
Náttúruvísindi og umhverfivísindi	740	184	25%
Lífvísindi	651	108	17%
Klínískar rannsóknir og lýðheilsa	401	117	29%
Félagsvísindi og menntavísindi	461	107	23%
Hugvísindi og listir	453	152	34%
Samtals	3.997	1.015	25%

TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐUR

Á vormisseri Tækniþróunarsjóðs var boðið upp á fimm styrktarflokka; styrki til hagnýtra rannsóknarverkefna, Fræ, einkaleyfa-, frumherja-, verkefnis- og markaðsstyrki. Styrkir til hagnýtra rannsóknarverkefna og Fræ eru nýir styrktarflokkar í samræmi við nýja stefnumótun stjórnar sjóðsins. Á haustmisseri var svo boðið upp á nýja fyrirtækjastyrki; það eru flokkarnir Sproti, Vöxtur og Sprettur, auk markaðsstyrkja. Sproti kemur í stað frumherjastyrkja og Vöxtur í stað verkefnisstyrkja.

Sjóðurinn hafði 2.347 m.kr. til umráða, sem var hækkan um 975 m.kr. frá árinu á undan. Í töflu eru upplýsingar um fjölda umsókna og styrkja. 75% aukningu umsókna á milli 2015 og 2016 má skýra með fjölgun styrktarflokka á árinu og að umsóknir í

Sprotu voru um tvöfalt fleiri en undanfarin misseri í frumherjastyrk.

Í heildina var úthlutað 1.338 m.kr. til nýrra verkefna og 933 m.kr. til framhaldsverkefna eða samtals 2.271 m.kr. Þessi tala þarf ekki að stemma nákvæmlega við bókhald þar sem hér er miðað við umsóknarfresti en bókhald við dagsetningu samninga, sem getur farið yfir áramót við umsóknarfrest að hausti.

Yfir 200 m.kr. var veitt í hagnýt rannsóknarverkefni, eða í þekkingaryfirfærslu, sem lofar góðu til framtíðar. Þá var veittur 21 styrkur í Fræ og sprotastyrkir fóru flestir til nýrra aðila. Þessir tveir þættir nýrrar stefnumótunar gefa strax góðar vísbendingar um framhaldið.

Sókn og styrkveitingar nýrra verkefna voru sem hér segir (frekari tölfræði um úthlutanir má finna á vef Rannís):

Tækniþróunarsjóður – miðað við fjölda umsókna

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Einkaleyfastyrkir*	20	18	90%
Hagnýt rannsóknarverkefni	39	15	38%
Fræ	96	14	15%
Frumherjastyrkir/Sproti	103	17	17%
Verkefnisstyrkir/Vöxtur/Sprettur**	178	36	20%
Markaðsstyrkir	74	24	32%
Styrkir til alþjóðlegra verkefna		6	
Samtals	510	112	22%

Tækniþróunarsjóður – miðað við upphæðir í m.kr.

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Einkaleyfastyrkir*	1	1	100%
Hagnýt rannsóknarverkefni	486	203	42%
Fræ	141	21	15%
Frumherjastyrkir/Sproti	874	144	16%
Verkefnisstyrkir/Vöxtur/Sprettur**	2.553	664	26%
Markaðsstyrkir	772	235	30%
Styrkir til alþjóðlegra verkefna			
Samtals	4.831	1.338	28%

*20 umsóknir frá 12 aðilum. Ekki liggur fyrir hversu margar munu að lokum skila sér í innlögn á einkaleyfisumsókn til viðurkenndra einkaleyfastofa og fá greiðslu úr sjóðnum.
**Af 14 verkefnum sem fengu styrk í Vexti fengu tvö öndvegissstyrkin Sprett.

SKATTFRÁDRÁTTUR

Á árinu bárust 168 umsóknir um skattfrádrátt vegna nýrra rannsóknar- og þróunarverkefna og 152 vegna framhaldsverkefna, en staðfest voru 132 ný verkefni og 145 framhaldsverkefni. Árið 2016 var heildarendurgreiðsla skattfrádráttar 1.442 m.kr. vegna verkefna sem unnin voru á árinu 2015, en var 1.190 m.kr. árið áður. Heildarendurgreiðslan skiptist þannig að 1.201 m.kr. var greidd út og 241 m.kr. gekk upp í tekjuskatt fyrirtækja. Skattfrádráttur er réttindasjóður ef umsækjendur uppfylla skilyrði um rannsóknir og þróun lögum samkvæmt og

lýtur hann því öðrum lögmálum en hefðbundnir samkeppnisjóðir þar sem úthlutunarhlutfall er um og innan við fjórðungur af umsóknum.

Breytingar á lögnum um skattfrádrátt tóku gildi í upphafi árs. Hámark viðmiðunar var hækkað úr 100/150 m.kr. í 300/450 m.kr. sem hefur fyrst og fremst áhrif á skattfrádrátt til stærri aðila. Því má gera ráð fyrir verulegri hækkan á þessum lið á næsta ári þegar kemur til skattuppgjörs vegna 2016.

Skattfrádráttur vegna rannsóknar- og þróunarverkefna - miðað við upphæðir í m.kr.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Frádráttur frá tekjuskatti	45	71	148	164	173	241
Endurgreiðsla	614	877	981	1.077	1.017	1.201
Skattfrádráttur alls	659	948	1.129	1.241	1.190	1.442

ERASMUS+

Landskrifstofa Erasmus+ úthlutaði rúmlega 5,4 milljónum evra á árinu, eða 727 m.kr til 68 verkefna. Að auki voru gerðir samningar við 19 verkefni skóla sem stýrt er í öðrum löndum. Samtals voru því gerðir 87 samningar en heildarupphæð samninga hljóðaði upp á rúmar 5,5 milljónir evra eða tæpar 746 m.kr. Gera má ráð fyrir að um 1.800 einstaklingar frá nærri eitt hundrað íslenskum skólum, stofnunum og fyrirtækjum verði á faraldsfæti næstu tvö árin með stuðningi frá Erasmus+ áætluninni og eykst fjöldi þeirra árlega.

Árangurshlutfall umsókna var hátt sem skýrist meðal annars af því að allir íslensku háskólarinn taka þátt í nemenda- og starfsmannaskiptum og fá allir úthlutun. Samkeppnin er um hversu mikið fjármagn þeir fá. Sama á við um starfsnámslutann en þar er það aðeins hluti skóla/stofnana sem hefur fengið vottun en í því felst að umsókn er sjálfkrafa samþykkt og samkeppnin snýr að fjárhagsúthlutun. Á umsóknarárinu 2016 höfðu fjórir aðilar hlotið slíka vottun.

Erasmus+ menntaáætlun ESB - miðað við fjölda umsókna

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Skólahluti	48	31*	65%
Starfsnámshluti	16	12	75%
Háskólahluti	18	16	89%
Fullorðinsfræðsla	18	9	50%
Samtals	100	68	68%

*Að auki 19 verkefni sem stýrt var af öðrum löndum

Erasmus+ menntaáætlun ESB – miðað við upphæðir í m.kr.

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Skólahluti	316	137*	44%
Starfsnámshluti	249	158	63%
Háskólahluti	596	367	62%
Fullorðinsfræðsla	166	67	40%
Samtals	1.327	729	55%

*ATH í skólahlutanum voru gerðir samningar upp á rúmlega 153 m.kr



Norðurlöndin hafa skapað samstarfsvettvang innán EPALE, sem kallast „Nordic Portal“, þar sem samfélagsgerð landanna er um margt lík og hefð fyrir ríku samstarfi milli landa. Samtök norrænna fullorðinsfræðsluáðila (NVL) eru virk í þessu samstarfi og leggja til efni og þar geta Íslendingar sett inn efni á íslensku fyrir fagfólk í fullorðinsfræðslu.

Á árinu hófst mánaðarleg útgáfa fréttabréfs EPALE á íslensku. Það er sent rafrænt á markhópinn hér á landi með helstu fréttum af fullorðinsfræðslu í Evrópulöndum.

LISTAMANNALAUN

Fjárveiting til starfslauna listamanna er um 746 m.kr. Úthlutað er einu sinni á ári, en auglýst er að hausti vegna starfslauna sem greidd eru af fjárlögum næsta árs á eftir. Umsóknarfrestur var 30. september. Störfum úthlutunarnefndanna sex lauk í desember 2016, en þær héldu um 40 vinnufundi. Svör voru send út 6. janúar 2017. Við úthlutun var miðað við mánaðarlaun framhaldsskólakennara. Sótt var um 9.506 mánuði eða 3.523 m.kr. Alls bárust 819 umsóknir frá einstaklingum og hópum (fyrir alls 1.606 einstaklinga) um starfslaun og ferðastyrki og var úthlutað til 306 einstaklinga og hópa.

Skipting umsókna milli sjóða var eftirfarandi:

Listamannalaun - miðað við fjölda einstaklinga

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Launasjóður tónskálda	134	43	32%
Launasjóður tónlistarflytjenda	148	61	41%
Launasjóður rithöfunda	193	83	43%
Launasjóður myndlistarmanna	246	80	33%
Launasjóður hönnuða	45	15	33%
Launasjóður sviðslista hópar / einstaklingar	681	109	16%
Samtals	1.447	391	27%

Listamannalaun - miðað við upphæðir í m.kr.

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Launasjóður tónskálda	460	70	15%
Launasjóður tónlistarflytjenda	371	67	18%
Launasjóður rithöfunda	854	206	24%
Launasjóður myndlistarmanna	1.071	161	15%
Launasjóður hönnuða	128	19	15%
Launasjóður sviðslista hópar / einstaklingar	641	70	11%
Samtals	3.523	593	17%



Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar veitti Félagi náms- og starfsráðgjafa stuðning til að halda dag náms- og starfsráðgjafa í nóvember þar sem haldið var upp á 35 ára afmæli félagsins. Opnaður var gagnagrunnurinn Menntabrunnur um námstækifæri á Íslandi og tengist hann Ploteus vefgátt ESB.

Búinn var til nýr vefur fyrir Europass menntunar- og starfshæfniskjöl og haldið var fram að þróa rafrænt viðmót til að sækja um Europass starfsmenntavegabréf; nú er hægt að fylla þau út á vefnum. Lögð var áhersla á notkun samfélagsmiðla við upplýsingamiðlun.

Um miðbik árs hófst nýtt stefnumótunarverkefni um framþróun háskólastigsins og innleiðingu samevrópskra viðmiða í háskólamenntun í Evrópu. Verkefnið, „Higher Education Reform in Iceland II“, er sjálfstætt framhald fyrri verkefnis og styrkt af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins. Styrkurinn, rúmar 18 m.kr. til 24 mánaða, fékk hæstu einkunn umsókna sem bárust. Rannís sinnir verkefnisstjórn en verkefnið er unnið í nánu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Með verkefnisstjórn starfa sérfræðingar frá öllum háskólum landsins og fulltrúar Landssambands stúdenta (LIS). Áherslur verkefnisins eru tvíþættar, alþjóðavæðing háskólastigsins og efling gæða í íslenskum háskólum. Er því m.a. ætlað að styðja við stefnumótun háskóla um alþjóðavæðing í háskólastarfi, efla stuðning innan háskóla vegna þátttöku í námi og þjálfun erlendis, styðja stjórnvöld við mótun stefnu um alþjóðavæðing, og auka þátttöku stúdenta í gæðastarfi innan skóla með þjálfun.

NÁMSORLOF KENNARA OG STJÓRNENDA FRAMHALDSSKÓLA

Alls bárust 133 umsóknir um Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla á árinu en umsóknirnar gilda fyrir veturinn 2017-2018. 125 framhaldsskólakennarar sóttu um orlof í eigin nafni, þar af tveir skólameistarar, og átta umsóknir bárust frá skólum fyrir hönd kennara, en nefndin hefur sjö stöðugildi til slíkrar úthlutunar. Nefndin úthlutaði alls 38 stöðugildum til 42 einstaklinga, 34 heilum orlofum og átta hálfum; 32 stöðugildi fóru til kennara með einstaklingsumsóknir, þar af eitt til skólameistara, og sex stöðugildum var úthlutað til kennara í gegnum skólaumsóknir.

VINNUSTAÐANÁMSSJÓÐUR

Fjárveiting til Vinnustaðanámssjóðs var 245 m.kr. á fjárlögum 2016. Rannís hélt áfram samstarfi við IÐUNA fræðslusetur og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins um tiltekna þætti í framkvæmd styrkveitinganna.

Ákveðið var á árinu að leitast við að einfalda umsóknarferlið í Vinnustaðanámssjóð. Stærsta breytingin var sú að tekin var út kvöð fyrirtekja um að veita fyrirfram upplýsingar um nemendur í starfsnámi en nú þurfa fyrirtekki einungis að veita upplýsingar um áætlaðan fjölda starfsnema sem og fjölda vikna sem áætlað er að þeir muni starfa á árinu og fá með því vilyrði um styrkveitingu standi þau við áætlanir sínar.

Samtals var sótt um styrki fyrir 18.573 vikur fyrir 668 nema á árinu 2016 og nam því heildarúthlutun vilyrða á árinu 222,9 m.kr. Við það bætist síðan að stjórn Vinnustaðanámssjóðs ákvað að nýta hluta af fjárveitingu ársins til þess að leiðrétta styrkskerðingar sem áttu sér stað á seinni hluta ársins 2015 en þær leiðréttingar námu um 45 m.kr.

INNVIÐASJÓÐUR

Framlag til Innviðasjóðs tvöfaldaðist á árinu og er nú um 200 m.kr. Alls bárust 70 umsóknir þar sem samtals var sótt um rúmlega 655 m.kr. Í samræmi við ný lög um Innviðasjóð (var áður Tækjasjóður) voru í boði fjórar styrktegundir: Aðgengisstyrkur, Tækjakaupastyrkur, Uppbyggingar styrkur og Uppfærsla-/Rekstrarstyrkur. Ráðstöfunarfé sjóðsins hækkaði um 100 m.kr. frá því í fyrra og var nú um 200 m.kr. Alls hlaut 21 verkefni styrk í ár upp á samtals ríflega 192 m.kr.

Innviðasjóður - miðað við fjölda umsókna

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Tækjakaup	40	13	33%
Uppbygging	17	4	24%
Uppfærsla/Rekstur	11	3	27%
Aðgengi	2	1	50%
Samtals	70	21	30%

Innviðasjóður - miðað við upphæðir í m.kr.

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Tækjakaup	431	117	27%
Uppbygging	133	54	41%
Uppfærsla/Rekstur	80	21	26%
Aðgengi	11	0	4%
Samtals	655	192	29%

ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA

Ný reglugerð um íslenskukennslu fyrir útlendinga var birt í árslok 2015 en þar kom m.a. fram að nú skyldu veittir styrkir til málaflöksins einu sinni á ári og eins að stofnanir á strjálbýlum svæðum gætu fengið undanþágu til þess að sækja um styrk fyrir tíu manna námskeið þótt ekki tækist að fullmanna þau. Var því úthlutað að fullu fyrir íslenskukennslu útlendinga í upphafi ársins.

Fjárveiting til íslenskukennslu var 120 m.kr. á árinu. Alls bárust 22 umsóknir fyrir um 181 m.kr. og var úthlutað til þeirra allra, samtals tæpum 123 m.kr. Samtals héldu viðurkenndar fræðslustofnanir 444 námskeið á árinu fyrir 5.133 nemendur með aðstoð þessara styrkja.

ATVINNULEIKHÓPAR

Úthlutun til atvinnuleikhópa helst í hendur við úthlutun listamannalauna og var umsóknarfrestur um styrki til atvinnuleikhópa á sama degi, eða 30. september. Félag íslenskra leikara tilnefndi sömu þrjú einstaklinga í leiklistarráð og í úthlutunarnefnd starfslaunasjóðs sviðslistafólks. Fjárveiting til sjóðsins hækkaði um 2,5 m.kr. frá árinu 2016, var 95 m.kr. á fjárlögum 2017. Alls bárust 95 umsóknir frá 83 hópum. Úthlutað var 92 m.kr. til 18 verkefna. Þrjú verkefni fengu úthlutað 7 m.kr. sem er hæsti styrkur að þessu sinni.

NORDPLUS

Nordplus skiptist í fimm undiráætlanir og eru um 10,1 milljón evra til úthlutunar. Á árinu bárust í allt 654 umsóknir um styrki og hlutu 395 verkefni brautargengi, þar af fengu 233 íslenskir aðilar styrk. Rannís sér um tungumálahluta áætlunarinnar og bárust alls 19 umsóknir í hann. Hlutu 16 verkefni styrk samtals að upphæð 79 m.kr.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

Nýsköpunarsjóður námsmanna er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Alls bárust 254 umsóknir fyrir 377 háskólanema, en sótt var um laun í 1.074 mannmánuði eða rúmlega 250 m.kr.

Að þessu sinni úthlutaði sjóðurinn 71 m.kr. og alls er úthlutað 305 mannmánuðum til 108 nemenda í 67 verkefnum.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Fjöldi umsókna	254	67	26%
í m.kr.	250	71	28%
Fjöldi nemenda	377	108	29%
Mannmánuðir	1.074	305	28%

TÓNLISTARSJÓÐUR

Tónlistarsjóði bárust 268 umsóknir að heildarupphæð 224 m.kr. í fyrri umsóknarlotu. Umsóknarfrestur var til 15. nóvember 2016 fyrir verkefni til framkvæmda á fyrri hluta árs 2017. Sjóðurinn fékk 64,9 m.kr. úthlutað á fjárlögum 2017. Heildarupphæð styrkja í fyrri úthlutun er samtals 40,5 m.kr. Hægt var að styrkja 115 verkefni en þar að auki eru níu verkefni með samninga til þriggja ára.



eTwinning og iNámskeið, námskeiðshaldari á sviði upplýsingatækni og kennslu hófu samstarf á árinu um þróun eTwinning námskeiða. Eftir undirbúning á vörmisseri var námskeiðið keyrt tvisvar um haustið, staðarnámskeið fyrir höfuðborgarsvæðið 8. október og netnámskeið fyrir landsbyggðina 15. október. 32 tóku þátt og voru viðbrögð þátttakenda jákvæð. Tilraunin þótti heppnast vel og vonir standa til að eTwinning námskeið iNámskeiða verði fastur liður.

FaraBara.is er samstarfsvefur Rannís og Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE).

Á árinu heimsóttu 18.333 gestir vefinn sem er 11% aukning frá því í fyrra. Rannís kynnti Upplýsingastofu um nám erlendis og vefgáttina 13 sinnum á árinu, í menntaskólum og háskólum á Íslandi og jafnframt í Færeyjum.

Fyrstu umferð Rammaáætlunar um gæði í íslenskum háskólum lauk á árinu. Í upphafi árs lýsti Gæðaráð yfir trausti á gæði námsgráða við Háskólann á Bifröst og gæði námsumhverfis við Háskólann á Hólum. Því lauk fyrstu umferð með yfirlýstu trausti á þessa tvo grunnþætti gæðastarfs við alla háskóla landsins. Gæðaráð hélt einnig áfram vinnu við þróun annarrar umferðar Rammaáætlunar um gæði í íslenskum háskólum í nánu samstarfi við háskólana og ráðgjafarnefnd Gæðaráðs.

PRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Fjárveiting til Próunarsjóðs námsgagna nam 55 m.kr. á árinu 2016. Stjórn sjóðsins ákvað að hafa upphæð hámarksstyrks óbreytta frá árinu áður, eða 1,75 m.kr. Eins og árið á undan sóttu flestir um hámarksstyrk. Sjóðnum bárust 109 umsóknir og námu samanlagðar fjárbeiðnir um 154 m.kr. Meðalupphæð styrkbeiðna var um 1,46 m.kr. 45 umsóknir féllu undir forgangsatríði ársins og fjölluðu um nýtingu stafrænnar tækni við eflingu lestrar/lesskilnings og nýsköpun í list- og tæknigreinum.

63 umsóknir féllu undir önnur áhersluatriði. Ein umsókn var ógild. Styrkir voru veittir til 35 verkefna fyrir árið 2016 fyrir alls 51,4 m.kr. Meðalstyrkupphæð nam 1,47 m.kr.

STARFSLAUNASJÓÐUR SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐIMANNA

Alls hlaut 21 sjálfstætt starfandi fræðimaður styrk úr sjóðnum eða um 36% umsækjenda. Úthlutað var tæplega 38 m.kr. í launastyrki eða tæplega 24% umbedinnar upphæðar. Auk þess var 150.000 kr. úthlutað í ferðastyrk úr sjóðnum. Úthlutunarhlutfall karla vegna starfslauna er um 28% og hlutu 10 karlar starfslaun að upphæð tæplega 19 m.kr.

Úthlutunarhlutfall kvenna er tæplega 48% og hlutu 11 konur starfslaun að upphæð tæplega 19 m.kr. Alls bárust 58 umsóknir í sjóðinn, konur sóttu um 23 styrki og karlar um 35 styrki. Sótt var um alls 453 mannmánuði eða 158.550 þ.kr. í launakostnað. Alls sóttu 18 um ferðastyrk, alls um 2.500 þ.kr.

SAMSTARFSNEFND UM ENDURMENNTUN FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

Eins og undanfarin ár var boðið upp á tvær tegundir umsókna í Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara á árinu, annars vegar fyrir sumarnámskeið og hins vegar fyrir gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrki. Sótt var um styrk fyrir 24 sumarnámskeið á árinu og voru þau öll styrkt. Sótt var um fyrir 607 kennara og sóttu alls 545 kennarar sumarnámskeiðin. Sex námskeið voru haldin erlendis og 18 voru haldin á Íslandi, 13 hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og fimm hjá öðrum stofnunum. Heildarupphæð styrkja til sumarnámskeiða nam rúmum 23 m.kr. á árinu. Einn umsóknarfrestur var vegna gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja líkt og árið á undan. 53 umsóknir bárust fyrir samtals 79 einstaklinga, 22 gestafyrirlesara og 57 ráðstefnubátttakendur. Hlutu 53 einstaklingar ráðstefnustyrk og allir 22 umsækjendur gestafyrirlesarastyrk, samtals að upphæð 15 m.kr.

HLJÓÐRITASJÓÐUR

Hljóðritasjóður er nýr sjóður stofnaður af menntamálaráðherra 1. apríl 2016. Rannís hefur umsjón með sjóðnum og verða tveir umsóknarfrestir á ári. Einungis einn umsóknarfrestur var árið 2016 eða 10. október. Alls bárust 167 umsóknir um styrkveitingar og sótt var um ríflega 165 m.kr. styrki. Sjóðurinn fékk úthlutað 35 m.kr. á fjárlögum og af því var úthlutað 33,5 m.kr. til 84 verkefna, upphæðir voru á bilinu frá 100.000 kr. til 1.000.000 kr.

MÁLTÆKNISJÓÐUR

Þetta er annað árið sem Máltæknisjóður starfar. Hann hefur til umráða 30 m.kr. Alls bárust sex umsóknir upp á 40 m.kr. Úthlutað var til þriggja verkefna samtals 30 m.kr.

ARCTIC RESEARCH AND STUDIES – NORÐURSLÓÐAFRÆÐI

Á árinu bárust 20 umsóknir í áætlunina og var 11 styrkjum úthlutað, átta í langtímasamstarf og þremur sóknarstyrkjum, að upphæð 21,5 m.kr. eða 169.200 evrur. Fyrst var úthlutað úr núverandi áætlun árið 2015 og þriðja og síðasta úthlutun verður árið 2017. Ekki liggur fyrir ákvörðun um áframhald árin þar á eftir.

ÍPRÓTTASJÓÐUR

Á fjárlögum 2017 voru rúmlega 16 m.kr. til ráðstöfunar í Íþróttasjóð. Auk þess gat sjóðurinn úthlutað fjármunum vegna eldri styrkja sem höfðu ekki verið nýttir. Einn umsóknarfrestur var og bárust 213 umsóknir og um 196 m.kr. í styrki. Að tillögu íþróttanefndar ákvað ráðherra að úthluta styrkjum til 107 verkefna að upphæð 16,4 m.kr. Þar af fengu 72 verkefni styrk til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkna, 28 fræðslu- og útbreiðsluverkefni fengu styrk og sjö verkefni vegna rannsókna í íþróttufræðum. Meðalstyrkur var þannig tæplega 154.000 kr. sem er það lægsta í þeim sjóðum sem Rannís þjónustar.


ÆSKULÝÐSSJÓÐUR

Fjárveiting til Æskulýðssjóðs var um 11 m.kr. á fjárlögum ársins. Þrátt fyrir litla fjárveitingu var sjóðurinn með umsóknarfrest þrisvar sinnum á ári, í febrúar, júní og október. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ákveðið að fækka umsóknarfrestum niður í tvo á árinu 2017. Vel gekk að fá umsóknir og sinna umsýslu á árinu 2016 eins og undanfarin ár. Bárust 66 umsóknir sem er nokkur fækkun frá fyrra ári en upphæðin sem sótt var um, 72 m.kr., er nánast sú sama og 2015. Veittir voru 26 styrkir að upphæð um 10,8 m.kr. sem er nokkur hækkun frá fyrra ári. Meðalstyrkur var því um 415.000 kr. á verkefni.

FJÖLDI UMSÓKNA OG SAMPYKKTRA UMSÓKNA



ÁRANGURSHLUTFALL UMSÓKNA





ALPJÓÐLEGT SAMSTARF

Alþjóðlegt samstarf er umfangsmikið í starfsemi Rannís og mikilvægur þáttur í daglegu starfi. Evrópskt og norrænt samstarf eru stærstur hluti af þessu alþjóðlega samstarfi og hefur hlutverk stofnunarinnar þróast í þá átt að verða helsti þjónustuaðilinn á Íslandi við formlegt alþjóðlegt samstarf.

Þátttaka Íslendinga í stærstu áætlunum hélt áfram að ganga vel á árinu. Auk þeirra setti mark sitt á árið nýtt hlutverk Rannís í þjónustu við norðurljóðasamstarf, áframhaldandi uppbygging á samstarfi við Kína og undirbúningur fyrir nýtt tímabil í Uppbyggingarsjóði EES.

EVROPSKAR SAMSTARFSÁÆTLANIR

Aðgangur að fjármagni í alþjóðlega samkeppni er mikilvægur prófsteinn á innlenda aðila og þar hefur árangur Íslands verið mjög góður. Styrkveitingar til íslenskra aðila eru þó alls ekki mikilvægasti mælikvarðinn, heldur aðgangur að fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun, mannaúdi og menningartengslum. Þannig nemur fjárfesting Evrópusambandsins í verkefnum styrktum af Horizon 2020 sem íslenskir aðilar hafa tekið þátt í árin 2014 til 2016 um 57 ma.kr. á meðan beinir styrkir til íslenskra aðila nema aðeins um 4,5 ma.kr.

Í menntun og menningu er sömu sögu að segja; allir íslenskir háskólar fá árlega styrki úr Erasmus+ áætluninni, auk margra framhalds- og grunnskóla og fullorðinsfræðsluaðila. Áhrifin eru mun meiri en

unnt er að mæla með þeim 750 m.kr. sem úthlutað er til íslenskra aðila eða með því að benda á að yfir 1.200 Íslendingar njóta árlega styrkja. Samstarfið er gagnkvæmt og fólk, þekking og nýsköpun skilar sé inn í íslenskt menntakerfi eftir mörgum leiðum. Fjöldi þeirra sem koma til Íslands er nærri helmingi meiri en þeirra sem fara sem er til marks um það hversu mikill áhugi er á samstarfi við íslenskar stofnanir. Þannig hafa gagnkvæm skipti á nemendum og kennurum skipt mjög miklu máli við alþjóðavæðingu háskólanna og hafa stutt við aukið erlent rannsóknasamstarf þeirra og sambirtingar með evrópskum vísindamönnum.

Stærstu áætlanirnar í umsjón Rannís sem leiða af veru Íslands í Evrópska efnahagsvæðinu
Horizon 2020 rannsóknna- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins
Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins
Creative Europe menningar- og kvikmyndaáætlun Evrópusambandsins
Uppbyggingarsjóður EES rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning

Creative Europe hefur verið mikilvæg fyrir framleiðslu og dreifingu á íslensku kvikmyndaefni og bókmenntum. Kvikmyndaiðnaðurinn er alþjóðlegur og öll stærri verkefni krefjast alþjóðlegrar fjármögnunar og dreifingar. Þar hafa styrkir, stórir sem smáir, skipt máli til að verkefni verði að veruleika og fái dreifingu. Á menningarsviðinu er mikil samkeppni og árangurshlutfall lágt enda

áætlunin ekki umfangsmikil. 16 íslenskir aðilar tóku þátt í umsóknum um menningarverkefni á árinu en einungis eitt þeirra hlaut styrk.

Uppbyggingarsjóður EES sem Ísland greiðir til vegna samningsins um Evrópska efnahagsvæðið hefur það hlutverk að styrkja samfélagslega innviði þeirra 16 ESB ríkja sem lakast standa í efnahagslegu tilliti. Sjóðnum er einnig ætlað að styrkja samstarf þessara ESB ríkja við EFTA löndin sem leggja til fjármagn í sjóðinn

Meginþunginn í vinnu Rannís á árinu fólst í undirbúningi fyrir yfirstandandi tímabil sjóðsins frá 2014-2021, en ekki náðist samkomulag við ESB og styrkþegaríkin um skiptingu á fjármagni og forgangsroðun fyrr en í maí. Í framhaldi af því hófust samningaviðræður við einstök styrkþegaríki og lauk þeim fyrstu fyrir lok ársins. Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á aðkomu Íslands að áætluninni og óskaði á árinu eftir að Rannís yrði annar megin samstarfsaðili þess á Íslandi ásamt Orkustofnun.

Gert er ráð fyrir að Rannís veiti þjónustu varðandi rannsóknir og nýsköpun, sem mun fá stærri hluta þess fjármagns sem er til ráðstöfunar en áður, og varðandi menningar- og menntasamstarf. Þátttaka íslenskra aðila í verkefnum styrktum af sjóðnum hefur verið umtalsverð en áhugi er á að efla hana enn frekar og því fær Rannís það verkefni að styrkja þjónustu við Uppbyggingarsjóðinn á Íslandi á næstu árum.



Rannís hefur á undanföllum árum stuðlað að auknu samstarfi um rannsóknir á norðurljóðum, m.a. í samstarfi við Kína. Í október lagði mennta- og menningarmálaráðherra ásamt aðstoðarráðherra SOA í Kína hornstein að byggingu rannsóknamiðstöðvar um norðurljós í Pingeyjarsveit. Rannsóknamiðstöðin, China-Iceland joint Aurora Observatory (CIAO) er samstarfsverkefni íslenskra og kínverskra vísindastofnana um rannsóknir á norðurljósum; stöðin verður búin fullkomnum tækjabúnaði sem nútíma rannsóknir á norðurljósum krefjast. Í húsnæðinu er gert ráð fyrir gestastofu til að kynna það starf sem þar fer fram.

Tækniþróunarsjóður tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi með beinum stuðningi. Má þar nefna Nordic Innovation, ERA COFASP og ERA Marine Biotechnology.

Tækniþróunarsjóður styrkir þátttöku fyrirtækja í Eurostars áætlun Eureka, sem er hluti af Horizon 2020. Alls voru þrjú verkefni samþykkt á árinu.

ERA-NET

Samstarf íslenskra rannsóknasjóða í ERA-netum gerir íslenskum fyrirtækjum og stofnunum kleift að taka þátt í fjölbjóðlegum rannsóknaverkefnum á völdum sviðum. Rannís tekur þátt í nokkrum slíkum verkefnum sem styrkja rannsóknir og þróun. Hvert ERA-net hefur eigin áherslusvið, þátttökureglur og umsóknarfresti.

ERA-netin sem Rannís tók þátt í á árinu:

HERA er samstarfsnet á sviði hugvísinda með þátttöku 21 fjármögnunaraðila í Evrópu.

NORFACE er samstarfsnet 16 fjármögnunaraðila í Evrópu á sviði félagsvísinda.

Tvö ERA-net verkefni tengjast lífríki hafsins: **COFASP** á sviði fiskveiða, fiskeldis og framleiðslu sjávarafurða, með þátttöku 26 fjármögnunaraðila frá 15 Evrópulöndum.

Marine Biotechnology (ERA-MBT) á sviði sjávarlíftækni með þátttöku 20 fjármögnunaraðila frá 15 Evrópulöndum.

COFASP var með lokaráðstefnu í Kiel í desember en verkefninu lýkur í upphafi árs 2017. ERA-MBT lýkur 2017. Þessi tvö verkefni hafa haft með sér samstarf og hyggjast sækja um framhald (cofund-action) á næsta ári.

Rannís, gegnum Tækniþróunarsjóð, tók þátt í þremur köllum þar sem hið síðasta var sameiginlegt kall. Alls hafa níu verkefni með íslenskrum þátttöku verið styrkt með aðkomu tíu stofnana og fyrirtækja.

M-ERA er samstarfsnet á sviði efnisáætlun og er samstarf 32 fjármögnunaraðila frá 23 löndum innan Evrópusambandsins og EFTA ásamt Rússlandi, Japan og Taívan.

Þessu verkefni lauk á árinu en framhald, M-ERA. NET 2 (cofund-action), tók við á árinu og verður til fimm ára. Fyrsta kall nýja hlutans var boðið út á haustmánuðum og var eitt verkefni styrkt með íslenskrum þátttöku.

ERA-Geothermal er samstarfsnet stofnana frá tíu Evrópulöndum á sviði jarðvarmarannsókna. Því lauk á árinu en framhaldsverkefni hefur tekið við, GEOTHERMICA, sem er samstarf þeirra sem voru með í ERA-Geothermal auk nýrra þátttakenda.



Við tökum á þáttaröðinni Fangar

Á 25 ára afmælisári MEDIA bárust 19 íslenskar umsóknir í MEDIA og 12 þeirra fengu samtals tæplega 66 m.kr. úthlutað, eða 485.946 evrum. Árangurshlutfall íslenskra aðila var því 63%. Þetta er sérstaklega áhugavert þar sem í síðustu úthlutun fengu aðeins 16,6% innsendrar umsókna í þróunarsjóð MEDIA styrk. Hæsta styrkinn fékk Fangar, sjónvarpsþáttaröð í leikstjórn Ragnars Bragasonar, sem Mystery Island framleiddi, að upphæð 35 m.kr.

NORRÆNT SAMSTARF

Samstarf innan Norðurlandanna á starfssviði Rannís á sér langa sögu og tekur stofnunin þátt í nefndum á vegum ráðherraráðsins auk þess að eiga gott samstarf við NordForsk og Nordic Innovation. Rannís fjármagnar nokkur samstarfsverkefni á vegum NordForsk sem hafa skilað góðum ávinningi fyrir íslenskt rannsóknarsamfélag.

Rannís rekur landskrifstofu fyrir norrænu menntaáætlunina Nordplus þar sem Rannís ber ábyrgð á tungumálahlutanum. Felur áætlunin í sér umtalsverð nemenda- og kennaraskipti, en árlega fara 6-800 manns til Norðurlandanna með stuðningi frá Nordplus og svipaður fjöldi kemur til Íslands. Unnið var að endurskoðun á Nordplus áætluninni á árinu fyrir nýtt fjögurra ára tímabil en ekki náðist pólitískt samkomulag um breytingar og því var áætlunin framlengd nær óbreytt um eitt ár, en stefnt er að nýrri áætlun frá árinu 2018.

Rannís sér jafnframt um styrkveitingar úr tvíhliða samstarfi milli Íslands og Noregs sem fjármagnað er af utanríkisráðuneytum ríkjanna og er ætlað að styðja við samstarf þjóðanna í rannsóknum á norðurslóðum.



Union of the North, höf. Matthew Barney (Förn/Sacrifice). Verkið tilheyrir APAP sem hlaut Creative Europe styrk á árinu.

Í menningarhluta Creative Europe fékk Reykjavík Dance Festival styrkfé sem þátttakandi í stóru evrópsku samstarfsverkefni, Advancing Performing Arts Project (APAP). Styrkurinn verður notaður til þess að koma á framfæri uppfærslum ungra evrópskra dans- og sviðslistamanna.



MANNAUÐUR

Í árslok 2016 voru starfsmenn hjá Rannís 43 talsins að forstöðumanni meðtöldum. Auk þess var einn starfsmaður í leyfi vegna vistaskipta en hann gegnir starfi fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Brussel.

Dreifing mannaúðs á milli sviða


SVIÐ	Fj. starfsm	Stg.	KVK Stg.	KK Stg.
101 Rekstrarsvið	9,0	8,8	6,5	2,3
103 Mennta- og menningarsvið	18,0	17,5	11,8	5,7
104 Alþjóðasvið	5,0	4,5	2,0	2,5
105 Rannsókn- og nýsköpunarsvið	11,0	10,8	4,8	6,0
	43,0	41,6	25,1	16,5

Níu starfsmenn unnu á rekstrarsviði í 8,8 stöðugildum að forstöðumanni meðtöldum. Stöðugildum á sviðinu hefur fækkað um 0,5 á árinu. Tveir starfsmenn skipta starfshlutföllum sínum á milli rekstrarsviðs og mennta- og menningarsviðs. 18 starfsmenn eru á mennta- og menningarsviði í 17,5 stöðugildum, en þar fækkaði stöðugildum um eitt á milli ára. Fimm starfsmenn eru á alþjóðasviði í 4,5 stöðugildum sem er aukning um 0,2 stöðugildi. 11 starfsmenn voru á rannsókn- og nýsköpunarsviði í 10,8 stöðugildum og hefur stöðugildum fækkað um eitt á milli ára sem útskýrist af því að ekki er búið að ganga frá ráðningu í starf sem losnaði á árinu.

Starfsfólki fækkar um þrjá frá árslokum 2015 eða 2,3 stöðugildi. Óráðið var í eitt stöðugildi í árslok 2016 og því er raunfækkunin tveir starfsmenn eða 1,3 stöðugildi. Í upphafi árs var tekin ákvörðun um að reynt yrði að hagræða á móti þeim störfum sem losnuðu á árinu til að mæta tapi frá 2015. Þegar starfsfólk hætti fór fram mat á umfangi viðkomandi starfa og síðan var auglýst eftir áhugasömum innan starfshópsins þegar þess var kostur. Tveir starfsmenn notuðu tækifærið og færðu sig til í starfi. Tilfærslur af þessu tagi skapa möguleika fyrir starfsþróun. Starfsmannavelta á árinu var 7%.

Af 41,6 stöðugildum í árslok voru sérfræðingar í 29,8 stöðugildum, almennir starfsmenn í 6,8 stöðugildum, sviðsstjórar í fjórum stöðugildum auk forstöðumanns.

Fjöldi starfsmanna og stöðugildi 2014 - 2016



Alls fækkaði sérfræðingum um þrjá frá árslokum 2015 til ársloka 2016. Stöðugildum fækkaði um 1,3 á sama tímabili. Sérfræðingur á alþjóðasviði sem var í 80% starfi hætti og fluttist starfsmaður af öðru sviði í fullt starf í stað þess sem hætti. Gagnastjóri sem gegndi fullu starfi hætti á árinu, starfshlutfallið var lækkað um 50% og starfsmaður á öðru sviði fluttist að hluta til yfir á rekstrarsvið í starf gagnastjóra. Sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði hætti um mitt ár en í árslok var ekki búið að ganga frá ráðningu í starfið en ráðningarferli var í gangi.

Einn starfsmaður var með tímabundna ráðningu í árslok 2016 en viðkomandi hóf störf sem starfsnemi hjá Rannís á árinu 2015.

LÍFALDUR STARFSMANNA OG ALDURSDREIFING

Meðalaldur starfsmanna í árslok 2016 var 49,6 ár. Flestir starfsmenn eða 39,5% eru á aldursbilinu 41 til 50 ára, 23,3% eru á aldursbilinu 51 til 60 ára, 20,9% á bilinu 61 til 70 ára, 11,6% eru á bilinu 31 til 40 ára og fæstir eða 4,7% starfsmanna eru 30 ára eða yngri.

Heildar- fjöldi starfsm.	Fjöldi 30 ára og yngri	Fjöldi 31-40 ára	Fjöldi 41-50 ára	Fjöldi 51-60 ára	Fjöldi 61-70 ára
43	2	5	17	10	9
100,0%	4,7%	11,6%	39,5%	23,3%	20,9%

FRÆÐSLA INNAN RANNÍS 2016

Á árinu var boðið upp á fjölbreytta fræðslu fyrir starfsfólk. Námskeiðið Stefnumót við samfélagsmiðla var haldið 13. febrúar og voru þátttakendur 14 talsins. Leiðbeinandi var Gunnar Thorberg hjá Kapli. 31. maí, 1. og 2. júní voru haldin stutt námskeið í Háskólanum í Reykjavík sem dr. Haukur Ingi Jónasson leiddi. 32 starfsmenn tóku þátt. Fyrsti vinnufundurinn bar yfirskriftina Vinnutæki hugsandi fólks, sá næsti Tækni til að tryggja samstöðu og sá síðasti Vinnutæki í skapandi starfi. Voru þátttakendum kynntar gagnlegar aðferðir sem m.a. eiga að stuðla að góðri samræðu og gjöflli samskiptamenningu.



Alþjóðlega norðurskautsvísindanefndin (IASC) samþykkti samhljóða á fundi sínum í mars 2016 boð frá Rannís um að skrifstofa nefndarinnar flytjist til Akureyrar frá Potsdam í Þýskalandi frá og með 1. janúar 2017. Ákvörðun Rannís um að bjóða aðstöðu hér á landi til fimm ára var byggð á ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um að veita stuðning til starfsins. Norðurskautsvísindanefndin stuðlar að samstarfi um rannsóknir á norðurslóðum og veitir ráðgjöf til stjórnvalda aðildarríkja, sem eru 23 lönd. Starfið er mikilvægur vettvangur fyrir rannsóknir og vöktun á norðurslóðum.

Á heilsudögum Rannís í október var boðið upp á tvo fyrirlestra til heilsuefingar. Sjúkraþjálfari frá Vinnuvernd flutti þann fyrri 25. okt. undir yfirskriftinni Líkamsbeiting og vinnutækni. 26 starfsmenn tóku þátt. Bryndís Jóna Jónsdóttir, kennari hjá Núvitundarsetrinu, flutti seinni fyrirlesturinn, Heilsuefning og núvitund, 27. okt. og tók 21 starfsmaður þátt.



Gengið um Úlfarsárdal á heilsudögum Rannís

Fjölbreytt fræðsluerindi voru flutt í fyrirlestrarröðinni Fræðum og fræðumst sem er í höndum starfsfólks. Flutt voru 16 erindi frá 3. febrúar til 7. desember og báru starfsmenn þungann af því að miðla af þekkingu sinni og reynslu til annarra starfsmanna. Efnisvalið var með fjölbreyttasta mót, en flutt voru erindi um Namibíu, þróun og alþjóðavæðingu í háskólasamfélagi, sandlóuna, Europass verkefnið, knattspyrnu, starfsánægju, nýjar áherslur Tækniþróunarsjóðs, straumlínustjórnun og skák, svo eitthvað sé nefnt. Að jafnaði mæta 20 manns í hvert skipti á Fræðum og fræðumst sem gefið hafa góða raun.

STARFSAUGLÝSINGAR

Á árinu var starf sérfræðings á rannsókn- og nýsköpunarsviði auglýst laust til umsóknar. Alls bárust níu umsóknir um starfið. Í árslok var ekki búið að ganga frá ráðningu en ráðningarferlið var í gangi.

Rannís mun hýsa skrifstofu IASC til fimm ára, frá og með 1. janúar 2017. Skrifstofan verður staðsett í rannsókn- og nýsköpunarhúsi á lóð Háskólans á Akureyri, að Borgum. Hluti af undirbúningi fyrir opnun skrifstofunnar fól í sér að auglýsa starf framkvæmdastjóra í samráði við stjórn IASC og starf skrifstofustjóra í samráði við nýjan framkvæmdastjóra IASC. Auglýst var eftir framkvæmdastjóra IASC (e. Executive Secretary) í september 2016. Alls bárust 26 umsóknir. Allen Pope, PhD. í Polar Studies var ráðinn í starfið. Í nóvember var auglýst laust til umsóknar 50% starf skrifstofustjóra IASC (e. executive officer). Alls bárust 13 umsóknir. Gunnar Már Gunnarsson, MPhil í Polar Studies var ráðinn í starfið.

STARFSMENN Í ÁRSLOK 2016

Aðalheiður Jónsdóttir
Andrés Pétursson
Ágúst Hjörtur Ingbórsson
Árni Sigurðsson
Ása Guðrún Kristjánsdóttir
Ásta Vigdís Jónsdóttir
Dóra Stefánsdóttir
Elín Jóhannesdóttir
Elísabet María Andrésdóttir
Eyrún Helgadóttir
Eyrún Sigurðardóttir
Fanney Reynisdóttir
Guðmundur Ingi Markússon
Hallgrímur Jónasson
Herdís Þórgrímsdóttir

Hulda Hrafnkelsdóttir
Jón Svanur Jóhannsson
Jóna Valborg Árnadóttir
Júlíana Grigorova Tzankova
Kristmundur Þór Ólafsson
Lára Aðalsteinsdóttir
Lýður Skúli Erlendsson
Margrét Jóhannesdóttir
Margrét Kristjana Sverrisdóttir
María Kristín Gylfadóttir
Matthew David Deaves
Óskar Eggert Óskarsson
Ragnhildur I. Guðmundsdóttir
Ragnhildur Zoéga
Sigríður Grétarsdóttir

Sigríður M. Vigfúsdóttir
Sigríður Vala Vignisdóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Sigurður Björnsson
Sigurður Óli Sigurðsson
Sólveig Sigurðardóttir
Steinunn Sigríður Jakobsdóttir
Svandís Sigvaldadóttir
Unnar Freyr Hlynsson
Viðar Helgason
Vigfús Eyjólfsson
Þorgerður Eva Björnsdóttir
Þorsteinn V Gunnarsson
Ægir Þór Þórsson

Breytingaferli Rannís

2011

Rannís falið umsýsla með rekstri Gæðaráðs háskóla og ráðgjafarnefndar Gæðaráðs háskóla.

Rannís falið umsýsla með Skattvildun.

Rannís falið að annast umsjón með fundarsókn í rammaáætlun Evrópusambandsins á sviði vísinda og rannsókna.

Rannís falið að annast umsýslu með málefnum Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar (IASC).

2013

Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB og fleiri verkefni flytjast frá Háskóla Íslands til Rannís, ásamt norrænu menntaáætluninni og upplýsingastofu um nám erlendis.

Umsýsla 12 sjóða á sviði menntamála, menningar- og æskulýðsmála flyst frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Rannís.

2014

Rannís falið umsjón með Menningaráætlun ESB.

Rannís tekur að sér eigið bókhald vegna niðurlagningar SRA (skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna).

2015

Rannís flytur í nýtt húsnæði.

2016

Rannís tekur að sér ritarastarf fyrir Vísinda- og tækniráð og Vísindanefnd.

Undirbúningur hefst fyrir opnun skrifstofu IASC að Borgum á Akureyri.




ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

VEFSÍÐA RANNÍS

Vefsíðu Rannís er ætlað að veita upplýsingar til viðskiptavina Rannís á sem aðgengilegastan hátt. Af forsiðu er hægt að nálgast upplýsingar um alla sjóði í umsýslu Rannís auk upplýsinga um næstu umsóknarfresti og viðburði á döfnni. Mikil og stöðug umferð mælist um vefsíðuna og voru gestir síðunnar (users) árið 2016 um 72.000 talsins sem er um 20% Íslendinga. Flettingar (page views) voru rúmlega 565.000 sem er rúmlega 10% aukning frá fyrra ári.

HEIMSÓKNIR Á VEFSÍÐU RANNÍS	
Notendur/gestir	
2015	65.555
2016	71.971
Heimsóknir	
2015	156.214
2016	180.288
Flettingar	
2015	512.983
2016	565.116

Rannís hefur einnig umsjón með vefsíðu Erasmus+ sem er systursíða Rannís vefsins og er tengd henni í gegnum leit og fréttir. Gestir Erasmus+ síðunnar voru á árinu rúmlega 22.000 og hafði fjölgað um 63% frá árinu 2015. Flettingar á þeirra síðu voru 108.116 og hafði fjölgað um tæp 28% á einu ári.



Vefur Tækniþróunarsjóðs er undirsíða hjá Rannís. Heimsóknir á vefsíðu Tækniþróunarsjóðs 2016 voru 14.857 sem gerir rúmlega 8% af umferð Rannís síðunnar. Flettingar voru 63.410 sem gerir rúmlega 11% af flettingum Rannís síðunnar. Það eru mælanlegir toppar í kringum umsóknarfrest Tækniþróunarsjóðs 15. febrúar (1.402 flettingar), í kringum vorkund Tækniþróunarsjóðs 25.-27. maí (samtals 3.050 flettingar þessa þrjá daga) og þegar styrkúthlutun Tækniþróunarsjóðs 2016 var sett á vefinn 19. desember (2.577 flettingar).

HEIMSÓKNIR Á VEFSÍÐU ERASMUS+	
Notendur/gestir	
2015	13.590
2016	22.144
Heimsóknir	
2015	26.266
2016	37.941
Flettingar	
2015	84.693
2016	108.116

MIDLUN UPPLÝSINGA OG NÝSKÖPUN

Rafræn kynning og upplýsingar í formi skilaboða á samfélagsmiðlum og í tölvupósti leikur sífellt stærra hlutverk í kynningarstarfi Rannís.

Send voru út 70 sértæk fréttabréf og tilkynningar á póstlista Rannís um umsóknarfresti, viðburði og námskeið. Póstlistinn telur rúmlega 2.800 manns, skipt niður í sjö ólíka markhópa eftir áhugasviðum áskrifenda. Útsendingar á póstlistann voru samtals um 50.000 í heildina. Samfélagsmiðlarnir Facebook, Twitter og LinkedIn voru einnig nýttir til þess að koma skilaboðum á framfæri, auka sýnileika, opna fyrir samskipti og styðja við virkni heimasíðunnar. Sá samfélagsmiðill sem mest var notaður í kynningarstarfinu var Facebook. Birt voru tæplega 240 innlegg á Facebook síðu Rannís, en einnig voru birt innlegg á Facebook síðu Tækniþróunarsjóðs, Nýsköpunarsjóðs námsmanna,

Erasmus+ Menntaáætlunar ESB, eTwinning, EPALÉ Ísland, Europass Ísland og Creative Europe, en samtals hafa þessar Facebook síður tæplega 5.000 fylgjendur. Heildarfjöldi vina á Facebook síðu Rannís voru í lok árs 1.560 og hafði fjölgaði um rúmlega 20% á einu ári.

Talsvert var unnið af prentuðu kynningarefni fyrir sérstaka viðburði og til að kynna einstaka sjóði og áætlanir. Reglulega eru birtar í blöðum auglýsingar þar sem auglýst er eftir umsóknum um styrki en jafnframt er notast við vefmiðla þegar við á eins og í kynningarátaki Tækniþróunarsjóðs í upphafi árs. Í einhverjum tilvikum voru útvarpsauglýsingar notaðar til þess að auglýsa umsóknarfresti og viðburði.



Hannaðar voru nýjar auglýsingar fyrir Tækniþróunarsjóð þar sem unnið var með slagorðið Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði. Farin var sú leið að brengla orðunum nýsköpun, hugmynd og frumkvöðull til að vekja athygli fólks og kitla ímyndunaraflið.



Víkkaðu sjóndeildarhringinn

Erasmus+ lét vinna fyrir sig nýjar myndir til notkunar í kynningarstarfi. Um er að ræða aðferð þar sem ljósmyndum er gefin aukin vídd með teikningum. Þannig fékk íslenskt myndband menntaáætlunarinnar sömu meðferð og ferskan blæ. Í hugmyndavinnunni var unnið með slagorð Erasmus+, Changing lives, opening minds eða Víkkaðu sjóndeildarhringinn.

Rannís vill kynna sig sem heildstæða þjónustustofnun og eftir hugmyndavinnu með starfsfólki var hannaður og settur upp „lykill“ með slagorðinu Hingað og lengra ásamt lykilorðum þjónustunnar. Til stendur að vinna áfram með þetta útlit og laga það að öðru kynningarefni Rannís.



Myndbrot úr nýju íslensku kynningarmyndbandi fyrir menntaáætlun Erasmus+

SÝNILEIKI Í FJÖLMIÐLUM


Rannís var talsvert í fjölmiðlum á árinu. Alls var fjallað um Rannísfréttastöð Íslands - Rannís í 137 fréttum/greinum. Þar af voru fjórar fréttir í útvarpi/sjónvarpi, 52 í prentmiðlum, 60 í netmiðlum og 21 á sérvefjum. Einnig fengu fréttir af Rannís töluverða útbreiðslu á Facebook. Það sem helst vekur athygli fjölmiðla eru stórar úthlutanir til ákveðinna verkefna, svo sem úr Tækniþróunarsjóði, Rannsóknasjóði, Creative Europe, Erasmus+ og listamannalaun. Fréttir af framúrskarandi verkefnum sem unnin hafa verið með styrk úr sjóðum sem heyra undir Rannís vekja jafnframt athygli sem og veiting viðurkenninga eins og Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs, Nýsköpunarverðlauna Íslands og Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.



Í lok ársins fengu Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og IÐAN fræðslusetur styrk úr Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins til að taka þátt í þriggja ára rannsóknar- og stefnumótunarverkefni um raunfærniat fyrir innflytjendur, flóttamenn og hælisleitendur. Er um að ræða hæsta styrk sem fengist hefur til Íslands úr Erasmus+ mennta- og æskulýðsáætlun ESB. Verkefninu VISKA, sem stendur fyrir Visible Skills of Adults, er stýrt af fullorðinsfræðslustofnun Noregs, Skills Norway, en auk íslensku þátttakendanna taka þrjár stofnanir á Írlandi og belgíska menntamálaráðuneytið þátt í verkefninu. Verkefnisstyrkurinn hljóðar upp á 220 m.kr. og af þeirri upphæð fá íslensku þátttakendurnir rúmar 70 m.kr. Styrkurinn er sá hæsti sem íslenskar stofnanir hafa fengið úr Erasmus+ mennta- og æskulýðsáætlun ESB. Sérfræðingur hjá Rannís vann með umsóknarhópnum að þróun hugmyndar og hafði umsjón með umsóknaskrifunum.

Landskrifstofum Erasmus+ hefur verið falið að styðja við notkun á evrópsku einingakerfi fyrir starfsmenntun (ECVET). Til að sinna því og til að tryggja góð tengsl við skólasamfélagið eru ráðnir utanaðkomandi sérfræðingar sem taka virkan þátt í starfinu. Þeir sinna þekkingaröflun og tengslamyndun við önnur Evrópulönd, sem og kynningum og upplýsingagjöf hér innanlands að mestu. Á árinu var meðal annars haldin kynning fyrir starfsmenn mennta- og menningarmálaráðuneytis, Skólameistarafélag Íslands og í framhaldsskólum. Einnig var gefinn út kynningarbæklingur um verkefnið.

AUGLÝSTIR UMSÓKNARFRESTIR YFIR ÁRIÐ



UMSÓKNA- OG UPPLÝSINGAKERFI RANNÍS

Umsókna- og upplýsingakerfi Rannís gegnir tvíþættu hlutverki, annars vegar að taka á móti umsóknum og öðrum rafrænum gögnum sem tengjast framgangi umsókna, og hins vegar að veita upplýsingar til stjórnvalda og almennings um styrki og starfsemi sjóða í vörslu Rannís eftir því sem við á.

Notendur kerfisins skipta þúsundum. Utan frá, gegnum rafræna gátt stjórnsýslunnar island.is, koma allir umsækjendur ásamt stjórnnum og fagræðum sjóða. Aðgangi er stýrt að þeim verkefnum sem við á. Innan kerfisins vinna starfsmenn Rannís, en aðgangur að megin gagnagrunni er læstur öðrum en þeim sem vinna við umsjón og þróun kerfisins. Almennur hefur aðgang að tölfraðilegum upplýsingum um úthlutanir og starfsemi sjóða gegnum vefgátt Rannís.


Mikil vinna var lögð í að gera fagræðshluta Tækniþróunarsjóðs þægilegri og sjálfvirkari og náði það að auðvelda mjög fagræðsvinnuna. Má fullyrða

að hér sé um að ræða mikla hagræðingu í starfi fagræðsmanna og starfsmanna sjóðsins, enda kallaði metfjöldi umsókna á þessa breytingu. Þá var einnig tekið í notkun nýtt umsóknareyðublað með nýju útliti og virkni.

Upplýsingagrunnurinn er í raun samsafn margra grunna sem mynda SQL-gagnagrunninn sem er hýstur hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands. Næstu skref í áframhaldandi þróun kerfisins er að uppfæra útlit og virkni annarra eyðublaða og ljúka smíði fagræðskerfis fyrir þá sjóði sem það nota þar sem fagræðsmenn geta unnið matið rafrænt að fullu. Þá verða innleiddar rafrænar framvinduskýrslur og samningar að fullu á árinu 2017. CRIS upplýsingagrunnur um rannsóknir verður innleiddur á næstu árum og munu upplýsingar um umsækjendur flæða á milli.

Alls bárust tæplega 4000 umsóknir á árinu. Mynd sýnir hvernig umsóknir dreifðust á árið.

DREIFING INNSENDRA UMSÓKNA 2016





REKSTUR

Heildartekjur Rannís voru 718,3 m.kr. á árinu. Ríkisframlagið var alls 303,4 m.kr eða 42,2% af heildartekjunum.

Heildarsértekjur Rannís voru 415 m.kr., eða 57,8% af heildartekjunum. Stærsti hluti sérteknanna komu frá erlendum opinberum aðilum, 212,4 m.kr. eða 29,6% af heildartekjum Rannís. Innbyrðis framlög á milli A-hluta stofnana námu 159,1 m.kr., eða 22,1%. Sjá nánar hlutfall skiptingar tekna sem hlutfall af heildartekjum í töflu.

Tekjur		
Ríkisframlag	303,4	42,2%
Erlendir opinberir aðilar	212,4	29,6%
Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	159,1	22,1%
Endurgreiddur ferðakostnaður	13,9	1,9%
Funda- og ráðstefnutekjur	12,9	1,8%
Kostnaðarhlutd. í sameiginlegri þjónustu	1,7	0,2%
Aðrar sértekjur	14,9	2,1%
Tekjur alls	718,3	100,0%

Heildargjöld Rannís voru 726,7 m.kr., þar af er stærsti gjaldaliðurinn laun og launatengd gjöld 431,6 m.kr. eða 59,4%. Stærstu gjaldaliðirnir fyrir utan laun og launatengd gjöld eru ferðakostnaður og upphald erlendis, samtals 57,4 m.kr. eða 7,9%. Sjá nánari skiptingu gjalda sem hlutfall af heildargjöldum Rannís í töflu.

Gjöld		
Laun og tengd gjöld	431,6	59,4%
Ferðakostnaður og upphald erlendis	57,4	7,9%
Ferðakostnaður og upphald innanlands	14,1	1,9%
Húsaleiga og tengdur kostnaður	46,9	6,5%
Sérfræðipjónusta	36,4	5,0%
Tölvumál	31,4	4,3%
Funda- og ráðstefnukostnaður	21,7	3,0%
Auglýsingar, myndbandagerð og birtingar	12,7	1,7%
Tilfærslur	15,8	2,2%
Annar kostnaður ótilgreindur	58,7	8,1%
Gjöld alls	726,7	100,0%

Heildargjöld Rannís voru hærri en fjárlögin gerðu ráð fyrir en rekstrarhalli ársins var 8,4 m.kr.

Á árinu voru farnar alls 254 ferðir á fundi á vegum Rannís. Þar af voru 27 ferðir vegna fagrásðsvinna í Rannsóknasjóði og 25 vegna ferða tengdum Gæðaráði háskóla, þar af 19 ferðir erlendra sérfræðinga vegna funda fagrásðs.

202 ferðir voru til að sækja fundi og ráðstefnur erlendis. 108 ferðir voru á vegum alþjóðasviðs, þar af voru 45 ferðir farnar af ytri sérfræðingum Rannís. 90 ferðir voru á vegum mennta- og menningarsviðs og þar af fjórar ferðir af ytri sérfræðingum Rannís. Fjórar ferðir voru farnar á vegum rannsókn- og

nýsköpunarsviðs. Ferðadagar starfsmanna og ytri sérfræðinga Rannís voru alls 647 dagar og hver ferð var 3,2 dagar að meðaltali. Stystu ferðirnar tóku einn dag en sú lengsta var í 11 daga.

Stærsti hluti ferðanna er endurgreiddur af ESB annaðhvort með beinu framlagi sem bæði dekkar vinnu og/eða kostnað í viðkomandi verkefni eða í gegnum beina endurgreiðslu á ferðakostnaði fyrir utan vinnulaun.

Millilandaferðir á vegum Rannís	Fjöldi
Alþjóðasvið	108
Mennta- og menningarsvið	90
Rannsókn- og nýsköpunarsvið	4
Gæðaráð háskóla	25
Fagrásðsvinna í rannsóknasjóði	27
Alls	254

SKJALA- OG GAGNASAFN RANNÍS

Stöðug vinna er við skjala- og gagnasafn Rannís. Í árslok 2016 var búið að vinna í gegnum og loka 77% þeirra mála sem voru stofnuð í GoPro árið 2013, 72% mála frá 2014, 63% mála frá 2015 og 34% mála sem voru stofnuð 2016 enda er enn verið að vinna í gegnum umsóknir frá 2016 og eiga þau verkefni eftir að vera í gangi lengst þessara mála.

Staða stofnaðra mála 2013-2016				
Ár	2013	2014	2015	2016
Opin mál (samþykkt, í bið, í vinnslu)	769	494	1.947	2.262
Lokuð mál (hafnað, dregin til baka, lokið)	2.659	1.345	3.361	1.175
Fjöldi stofnaðra mála	3.428	1.839	5.308	3.437

Skjalasafnið rúmar um 400 hillumetra af gögnum eða um það bil 6.000 skjalaöskjur. Í dag eru nýttar um 43% eða 2.563 öskjur. Einhver gögn á eftir að setja í öskjur. Jafnframt á eftir að pakka upp úr 15 kössum eftir flutninginn á síðasta ári og umpakka í skjalaöskjur og ganga frá lausum gögnum og efni af ca 10 hillumetrum.

Í árslok voru jafnframt 775 skjalaöskjur tilbúna til skila í Þjóðskjalasafn Íslands.

NÝTING FUNDARHERBERGJA HJÁ RANNÍS

Á árinu voru bókaðir 1.168 fundir í fundarherbergi Rannís. Mest er um fundi frá og með september og fram í júní. Flestir fundir voru í janúar (144), mars (144) og nóvember (132). Í júlí og ágúst er minnst um fundi enda taka flestir starfsmenn orlof sitt út á þeim tíma.

Að meðaltali eru bókaðir 4,5 fundir á dag hjá Rannís eða rúmlega 97 fundir á mánuði. Töluvert er um að


fundarherbergi séu notuð án þess að þau séu bókuð fyrirfram, ekki hefur verið áætlað fyrir þeim fundum hér.

	Samtals pr. mán.	Hlutfall notkunar pr. mán.
janúar	144	12,3%
febrúar	120	10,3%
mars	144	12,3%
apríl	106	9,1%
maí	84	7,2%
júní	113	9,7%
júlí	23	2,0%
ágúst	38	3,3%
september	92	7,9%
október	94	8,0%
nóvember	132	11,3%
desember	78	6,7%
Samtals árið	1.168	100%

FUNDARVEITINGAR OG GESTIR

Rannís hóf rekstur mótuneytis haustið 2015 og fékk það nafnið Hlaðan. 2016 er fyrsta heila starfsár Hlaðunnar og voru alls 6.370 hádegisverðir framreiddir fyrir starfsfólk og gesti. Á árinu voru framreiddar 2.867 veitingar fyrir fundargesti á vegum Rannís, allt frá te eða kaffi með eða án meðlætis og upp í hádegisverði. Auk þess voru 343 veitingar framreiddar fyrir starfsmannafundi og sérstök tilefni hjá Rannís, alls 3.210 fundarveitingar. Mest er um fundarveitingar í nóvember (456), apríl (401) og september (332).

Svið	Fjöldi fundarveitinga 2016
Mennta- og menningarsvið	1.071
Rannsókn- og nýsköpunarsvið	947
Rekstrarsvið	678
Alþjóðasvið	514
Alls fjöldi fundarveitinga	3.210



Svipmyndir frá Rannsóknáþingi sem haldið var í byrjun sumars.



ÁRSREIKNINGUR RANNÍS 2016

ÁRSREIKNINGUR

Rekstrarreikningur ársins 2016

	2016	2015
Rekstrartekjur		
Sértekjur	414.953.489	463.819.096
	<u>414.953.489</u>	<u>463.819.096</u>
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld	433.097.676	411.704.631
Annar rekstrarkostnaður	277.919.955	346.400.343
Tilfærslur	15.753.556	30.668.952
	<u>726.771.187</u>	<u>788.773.926</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(311.817.698)	(324.954.830)
Ríkisframlag	<u>303.400.000</u>	<u>295.200.000</u>
Tekjuhalli ársins	<u>(8.417.698)</u>	<u>(29.754.830)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	2016	2015
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	88.197.265	117.243.385
Aðrar skammtímakröfur	1.183.719	3.767.415
Vörslufjárreikningar	164.465.061	75.187.766
Handbært fé:		
Bankainnstæður	94.825.367	116.487.101
Veltufjármunir	348.671.412	312.685.667
Eignir samtals	348.671.412	312.685.667

31. desember 2016

Skuldir og eigið fé	2016	2015
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(43.402.227)	(13.647.397)
Breyting v/lokafjárlaga	21.600.000	
Rekstrarniðurstaða ársins	(8.417.698)	(29.754.830)
Eigið fé samtals	(30.219.925)	(43.402.227)
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	188.464.078	233.997.684
Viðskiptaskuldir	25.962.198	46.902.444
Mótreikningur vörslufjár	164.465.061	75.187.766
Skammtímaskuldir	378.891.337	356.087.894
Skuldir samtals	378.891.337	356.087.894
Skuldir og eigið fé samtals	348.671.412	312.685.667

Sjóðstreymi ársins 2016

	2016	2015
Handbært fé frá rekstri		
Frá rekstri:		
Tekjuhalli ársins	(8.417.698)	(29.754.830)
Veltufé frá rekstri	(8.417.698)	(29.754.830)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímafröfur; lækkun (hækkun)	(57.647.479)	(23.634.834)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)	68.337.049	(49.004.038)
	10.689.570	(72.638.872)
Handbært fé frá rekstri	2.271.872	102.393.702
Fjármögnunargreifingar		
Framlag ríkissjóðs	(303.400.000)	(295.200.000)
Greitt úr ríkissjóði	279.466.394	364.646.567
Fjármögnunargreifingar	(23.933.606)	69.446.567
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(21.661.734)	(32.947.135)
Handbært fé í ársbyrjun	116.487.101	149.434.236
Handbært fé í árslok	94.825.367	116.487.101

